

HRÚTASKRÁ

2012 - 2013



Sauðfjársæðingastöð
Suðurlands



Sauðfjársæðingastöð
Vesturlands

Landsbankinn er öflugur samstarfsaðili

Það er stefna okkar að vera hreyfiafl í íslensku samfélagi.

Landsbankinn tekur virkan þátt í uppbyggingu í landbúnaði og er traustur bakhjarl og samstarfsaðili.



Landsbankinn

landsbankinn.is

410 4000



Efnisyfirlit

Skýringar	2
Frá Sauðfjarsæðingastöð Suðurlands	4
Frá Sauðfjarsæðingastöð Vesturlands	5
Hrútar (hyrndir) á Suðurlandi	6
Hrútar (kollóttir) á Suðurlandi	16
Hrútar 2012-13, lambhrútaskoðun og kynbótamat 2012, (tafla)	22
Fallnir hrútar 2011-2012, ástæður (tafla)	23
Hrútar (hyrndir) á Vesturlandi	25
Hrútar (kollóttir) á Vesturlandi	34
Ræktunarmarkmið fyrir íslenska sauðfjárstofninn	42
Sauðfjarsæðingar og beiðsli	44
Afkvæmarannsóknir vegna sæðingastöðvanna haustið 2012	48

Atriðisorðaskrá: Nafn, nr. og blaðsíðutöl

Suðurland	bls.	Vesturland	bls.
Púki 06-807 frá Bergsstöðum	6	Prófastur 06-864 frá Dýrastöðum	25
Stáli 06-831 frá Teigi 1	7	Kvistur 07-866 frá Klifmýri	26
Jökull 07-844 frá Bjarnastöðum	7	Snær 07-867 frá Ingjaldsstöðum	26
Blakkur 07-865 frá Álfvatni	8	Knapi 07-868 frá Hagalandi	27
Skugga Sveinn 07-876 frá Ásgarði	8	Kjarkur 08-840 frá Ytri-Skógum	27
Borði 08-838 frá Hesti	9	Hergill 08-870 frá Laxárdal	28
Guffi 08-869 frá Garði	10	Pristur 08-872 frá Steinum 2	28
Próttur 08-871 frá Fremri Hlíð	10	Tenór 08-873 frá Geirmundarstöðum	29
Seiður 09-874 frá Oddsstöðum	11	Gaur 09-879 frá Bergsstöðum	29
Ás 09-877 frá Skriðu	11	Rafall 09-881 frá Úthlíð	30
Bassi 09-878 frá Geirmundarstöðum	12	Partur 09-882 frá Kirkjubóli	30
Gumi 08-880 frá Borgarfelli	12	Soffi 10-885 frá Garði	31
Snævar 10-875 frá Hesti	13	Drífandi 11-895 frá Hesti	31
Stakkur 10-883 frá Kirkjubóli	14	Prúður 11-896 frá Ytri Skógum	32
Grámann 10-884 frá Bergsstöðum	14		
Birkir 10-893 frá Bjarnastöðum	15	KOLLÓTTIR HRÚTAR	
		Steri 07-855 frá Árbæ	34
KOLLÓTTIR HRÚTAR		Brjänn 08-856 frá Melum 1	35
Ljúfur 08-859 frá Árbæ	16	Forði 08-858 frá Heydalsá	35
Sigurfari 09-860 frá Smáhömrum	16	Höttur 09-887 frá Húsavík	36
Dalur 09-861 frá Hjarðarfelli	17	Glæsir 09-888 frá Sauðadalsá	36
Svali 10-862 frá Melum 1	17	Strengur 09-891 frá Árbæ	37
Baugur 10-889 frá Efstu Grund	18	Dolli 09-892 frá Heydalsá	37
Kroppur 10-890 frá Bæ	18		
FORYSTUHRÚTUR		FORYSTUHRÚTUR	
Flórgoði 11-886 frá Hafrafellstungu	20	Jóakim 08-863 frá Bjarnastöðum	38

Hrútaskrá 2012-2013

Útg. Sauðfjarsæðingastöðvarnar á Suður- og Vesturlandi
Ritstjóri: Guðmundur Jóhannesson
Forstöðumynd: Í haustbliðunni
Ljós. ©Halla Eygló Sveinsdóttir
ISSN 1608-084X
Prentmet Suðurlands ehf., nóv. 2012

SKÝRINGAR

Mál og stígun: Mál og stígun hrútanna er gefin upp þar sem dómur liggur fyrir í eftirfarandi röð: Ár-þungi-fótleggur, mm-ómvöðvi/ómfita/lögun-haus-háls og herðar-bringa og útlögur-bak-malir-læri-ull-fætur-samræmi=stíg alls.

Ómmæling: (H) Hollenskt ómtæki eins og notað er á Suðurlandi. (S) Skoskt ómtæki – er notað t.d. á Vesturlandi og sýnir um 2mm minni vöðvabykkt en það hollenska. Fyrir þessum mun er leiðrétt varðandi niðurstöður úr lambhrútaskoðunum en ekki við birtingu talna úr afkvæmasýningum heima á bæjum. Ómsjarmælingar á hrútunum sjálfum eru óleiðréttar.

Ullarlýsingar: Emma Eypórsdóttir, sérfræðingur hjá Landbúnaðarháskóla Íslands, hefur skoðað og gefið umsögn um ull sæðingahrútanna og fylgir hún með lýsingu hrútanna.

Gerð: Upplýsingar um vaxtarlagsflokkun í kjötmati einstakra hrúta er breytt í tölugildi. Vaxtarlagsflokkarnir fá þessi tölugildi; E=14, U=11, R=8, O=5 og P=2. Þannig þýðir 6,50 fyrir gerð að flokkun undan viðkomandi hrút hafi t.d. verið 50% í R og 50% í O. Eðlilegt er að meðaltal fyrir gerð lækki með auknum ásetningi undan viðkomandi hrút. Þá er rétt að menn hafi í huga þann mikla mun sem er í vænleika milli búa og að lömbunum er slátrað í mörgum mismunandi sláturhúsum.

Fita: Á sama hátt eru tölugildin sem reiknað er með í fituflokkun eftirfarandi; 1=2, 2=5, 3=8, 3+=9, 4=11, 5=14. Áhersla á meðaltal fyrir fituflokkun er í raun öfugt við vaxtarlagsmeðaltalið, því lægra sem fitumeðaltalið er því betra. Þarna verður á sama hátt að lesa varlega úr tölum og með hliðsjón af mismiklum vænleika og sláturhúsum.

Kynbótamat (BLUP) fyrir kjötgæði (gerð og fitu): Kynbótamat er reiknað út frá upplýsingum úr kjötmati frá árunum 1998-2011. Meðaltal allra gripa í gagnasafninu er 100, hækkun um 10 stig þýðir 1 staðalfrávik frá meðaltali. Þegar rætt er um kynbótamat fyrir kjötgæði er átt við kjötmatseinkunn þar sem fitumatið vegur 60% en gerðarmatið 40%.

Kynbótamat (BLUP) fyrir frjósemi og mjólkurlagni: Kynbótamat fyrir afurðaeiginleikana (frjósemi og mjólkurlagni) er byggt á upplýsingum 10 yngstu árganga ána. Fyrir mjólkurlagni eru það ær fæddar 2001-2010, fyrir frjósemi ær fæddar 2002-2011. Fyrir hvorn eiginleika er reiknað mat fyrir fjögur fyrstu afurðarár ána. Hvert ár hefur jafnt vægi (25%) í samsettri einkunn fyrir mjólkurlagni. Í samsettri einkunn fyrir frjósemi er vægi hvers árs breytilegt, vægi 1 vetra er 10%, vægi 2 vetra er 60%, vægi 3 og 4 vetra er 15% hvort ár. Meðaltal allra gripa í gagnasafninu er 100 og hækkun um 10 stig þýðir 1 staðalfrávik frá meðaltali. Fyrir yngstu hrútana eru upplýsingar um dætur enn litlar þannig að upplýsingar um nánustu ættingja vega mjög þungt í kynbótamati þeirra.

Kynbótamat (BLUP) - Heildareinkunn: Frá árinu 2012 er reiknuð heildareinkunn þar sem kynbótamat allra eiginleika er vegið saman í eina einkunn. Vægi kjötgæða, frjósemi og mjólkurlagni er jafnt í þeirri einkunn. Einstaklingur með 120 í einkunn fyrir kjötgæði, 110 fyrir frjósemi og 100 fyrir mjólkurlagni hefur þannig heildareinkunn 110. $((120+110+100)/3 = 110)$.

Litaerfðir: Litaerfðir hjá íslensku sauðfé eru vel þekktar. Flestir hrútar á stöðvunum eru arfhreinir hvítir og undan slíkum hrútum fæðast aðeins hvít lömb. Ef hrútur er arfblendinn, en hvítur, getur hann einnig gefið aðra liti en hvítan. Mögulegt er að hrútar séu arfblendnir fyrir gráum, golsóttum eða botnóttum lit, eða hlutlausir, sem er lang algengast. Þá skiptir máli hvort hrúturinn erfir mórâuðan lit, en mórâuð lömb fæðast aldrei undan öðrum hrútum en þeim sem erfa þann lit. Síðasti þátturinn er að segja til um hvort hrúturinn erfir tvílit eða ekki. Rétt er að vekja athygli á því að sterk tengsl eru á milli litarerfða og hreinhvíta litarins á þann veg að hreinhvítar kindur búa yfirleitt ætíð yfir erfðavisum fyrir tvílit. Þannig má undantekningarlítið fá hreinhvít lömb undan þeim hrútum sem erfa tvílit, þó að þeir séu sjálfir ekki hreinhvítir. Tekið er fram ef vitað er hrúturinn geti gefið hreinhvít lömb leyfi móðurætt slíkt.

Arfgerðargreining v/riðusmits:

- 1. Verndandi arfgerðir.** Mjög litlar eða litlar líkur á riðu. Hafa ekki fundist í riðufé á Íslandi.
- 2. Hlutlaus arfgerð.** Einhver hættu á riðu. Algengasta arfgerðin í íslensku fé.
- 3. Verndandi og áhættuarfgerð.** Hefur ekki fundist í riðufé, en ber að forðast vegna þess að helmingur afkvæma erfir áhættuarfgerð.
- 4. Áhættuarfgerðir.** Mikil eða mjög mikill hættu á riðu. Finnast marktækt oftast í riðufé en heilbrigðu fé eða aðallega í riðufé. Helmingur afkvæma eða allir afkomendur erfa áhættuarfgerð eftir því hvort um arfblendinn eða arfhreinan hrút er að ræða.

Rétt er taka fram að ekki eru teknir aðrir hrútar á stöð en þeir sem eru annað hvort hlutlausir eða búa yfir verndandi arfgerðum.

Skráning sæðinga

Mikilvægt er að skráning sæðinga gerist sem fyrst. Þeir fjáreigendur sem skrá fjárbókhald í FJARVIS.IS geta skráð allar upplýsingar þar strax og framkvæmd sæðinga er lokið. Aðrir senda upplýsingar úr dagbók sæðingamanns strax til viðkomandi búnaðarsambands til skráningar. Þegar skráning sæðinga hefur verið unnin koma allar frekari upplýsingar til úrvinnslu á öllum skýrslum um árangur sæðinga beint úr fjárbókhaldinu í FJARVIS.IS

HÁGÆÐA FÓÐUR FYRIR SAUÐFÉ



LÍFLAND

Lynghálsi 3 Reykjavík og Lónsbakka Akureyri / Sími:540 1100 / www.lifland.is

Frá Sauðfjársæðingastöð Suðurlands

Afgreiðsla á fersku hrútasæði frá stöðinni hefst 1. desember og stendur samfelld til 21. desember. Áður en sæðistaka hefst er hægt að panta sæði í síma 480-1800 eða hjá Sveini Sigurmundssyni í síma 480-1801 eða 894-7146. Fax er 480-1818. Vefsíða er www.bsssl.is. Pantanir gegnum síma þurfa að berast fyrir kl. 9 á morgnana í 482-1920. Sæðispantanir berist á netfangið sveinn@bsssl.is deginum áður. Pantanir utan Suðurlands þurfa að berast með góðum fyrirvara og æskilegt að þær fari í gegnum búnaðarsamböndin. Fyrir Austur-Skaftafellssýslu (ekki Örfæfi eða Suðursveit) sér Grétar Þorkelsson um pantanir í síma 864-6487. Bændur eru hvattir til að vanda pantanir. Innheimt verður 70 % af pöntuðu sæði.

- 1. Verð á sæði.** Sæðisskammturinn í eina á mun kosta kr 650,-. Magnafsláttur er veittur þegar einstaklingar eða fjárræktarfélag sjá um pantanir á sæði og skipulagningu heima fyrir. Sæðið kostar kr 590,- þegar milli 50 og 100 ær eru sæddar, kr 550,- þegar 100 ær eða fleiri eru sæddar og kr 520,- til búnaðarsambanda. Frosið sæði kostar 650,- kr í eina á og er ekki um magnafslátt að ræða þar. Lágmarksafgreiðsla frá stöðinni er 1 strá eða sæði í 5 ær. Flutningskostnaður verður tekinn sé um aukasendingar utan skipulagðra daga að ræða. Öll verð eru án vsk. Uppgjöri skal lokið fyrir áramót.
- 2. Skráning á sæðingum.** Skrá skal allar sæðingar inn á fjarnvis.is af viðkomandi bónda/sæðingamanni, helst samdægurs eða í síðasta lagi 22. desember. Vinsamlega sendið tölvupóst á sveinn@bsssl.is um að skráningu sé lokið. Þeir sem nota áfram sæðingabækur og hafa ekki tók á að skrá sjálfir sendi þær inn í síðasta lagi fyrir 22. desember.

Sæðingatæki. Stöðin útvegar og selur sæðingatæki meðan birgðir endast. Þegar fjárræktarfélag sjá um skipulag sæðinga mun Sauðfjársæðingastöðin útvega sæðingatæki endurgjaldslaust, að öðrum kosti verða þau leigð fyrir kr. 3000-.

- 3. Svæðisskipting** verður breytt núna og ekið að Klaustri frá 9. til 12. desember og svo að Hvolsvelli næstu 4 daga. Útsending á sæði í Austur-Skaftafellssýslu miðast að mestu við ferðir Hópbíla.
 - a. Frá 9.-12. des. Vestur Skaftafellssýsla, Eyjafjöll og Landeyjar.
 - b. Frá 13.-16. des. Rangárþing-ytra, Ásahreppur, Fljótshlíð og Flói.
 - c. Frá 17.- 20. des. Uppsveitir Árnessýslu og vestan Ölfusár.
 - d. Austur-Skaftafellssýsla. Stefnt er að ferðum 2. des, 4. des. 6.des og að 9. des. Auk þess 11. og 14. des.
- 4. Sæðinganámskeið.** Námskeið í sauðfjársæðingum verður haldið þann 29. nóvember að Stóra Ármóti og hefst kl. 13.00. Skráningarfrestur er til. 24. nóvember. Sjá nánar á www.lbhi.is og skráning á endurmenntun@lbhi.is.

Á síðasta ári voru 13.021 ær sæddar með fersku sæði frá stöðinni hér á landi. Fryst sæði innanlands fór í 566 ær. Alls sæði í 13.587 ær. Þá voru 169 skammtar af frystu sæði sendir til Bandaríkjanna.

Með góðri kveðju og von um ánægjuleg samskipti.
Sveinn Sigurmundsson

Hrútaskráin er á www.bsssl.is

Frá Sauðfjársæðingastöð Vesturlands

Sauðfjársæðingastöð Vesturlands er starfrækt af Búnaðarsamtökum Vesturlands (BV). Útsending sæðis frá stöðinni mun byrja laugardaginn 1. desember og standa til föstudags 21. desember, þó ekki sunnudagana 9. og 16. des. Alls því í 19 daga.

Dreifing sæðis og skipulagning sæðingadaga miðast við að hægt sé með sem bestu móti að miðla sæðinu sem jafnast yfir allt tímabilið.

Skipulag sæðinga á einstökum svæðum á starfssvæði BV auk sæðingadaga á öðrum svæðum er dreift í fréttabréfi en jafnframt má nálgast það á heimasíðu BV www.buvest.is. BV munu dreifa sæðispöntunum á tilgreinda áfangastaði á fjarlægari svæðum eins og verið hefur. Reiknað er með að bændur á starfssvæði BV sæði sjálfir eða í samvinnu við aðra, enda hafi viðkomandi sótt námskeið um sauðfjársæðingar.

Sauðfjársæðinganámskeið verður haldið að Hvanneyri og Hesti í Borgarfirði þriðjudaginn 27. nóv. nk. og hefst kl. 13.00 að Hvanneyri. Skráning fer fram hjá Lbhi í síðasta lagi 23. nóv. í s. 433 5000/433 5033 og/eða á endurmenntun@lbhi.is.

Einnig á skrifstofu BV í s. 437 1215.

Pantanir á sæði og óskir um notkun einstakra hrúta verða í síðasta lagi að berast fyrir kl. 14:00 síðasta virka dag fyrir sæðingu í síma 437 1215 hjá BV, fax 437 2015, á netfang bv@bondi.is eða í s. 895 1372 sem er sími Árna B. Bragasonar en hann mun hafa umsjón með móttöku pantana. Allar pantanir utan starfssvæðis BV skulu fara í gegnum leiðbeiningamiðstöðvar á hverju svæði. Almenn skal miða við að lágmarks afgreiðsla frá stöðinni sé sæði í 5 ær eða 1 strá. Undantekning frá þessu er afgreiðsla á sæði úr forystuhrút. Nauðsynlegt er að hrútar til vara séu nefndir þar sem oft kemur upp sú staða að umbeðnir hrútar anna ekki eftirspurn þann daginn.

Ef séð verður að nýting verði léleg á pöntuðu sæði þarf að tilkynna það til BV (sími 437 1215 eða tölvupóstur

bv@bondi.is) fyrir kl. 9 að morgni sæðingadags svo sæðið geti nýst öðrum. Um helgar er þó einungis hægt að senda tölvupóst.

Gjaldskrá fyrir sæði: Aldrei er rukkað fyrir minna en 70% af pöntuðu sæði. Verð á hverjum skammti er eftirfarandi án vsk:

- 1 – 50 sæddar ær 650 kr./sk.
- 51 – 100 sæddar ær 590 kr./sk.
- Til bænda og fjárræktarfélag, lágmark 100 sæddar ær enda sé pöntun, afhending og innheimta í einu lagi 550 kr./sk.
- Til búnaðarsambanda og leiðbeiningamiðstöðva 520 kr./sk.

Skráning upplýsinga um sæddar ær hjá þeim sem eru með fjarvis.is skulu skráðar þar. Mikilvægt er að viðkomandi bóndi/sæðingamaður sem skráir sæðingarnar (helst samdægurs) sendi tölvupóst til viðkomandi leiðbeiningamiðstöðvar um að öllum skráningum sé lokið og/eða ef eitthvað er óskráð t.d. lambgimbrar sem ekki hafa fengið fullorðinsnúmer. Þeir sem nota áfram sæðingadagbækur verða að senda blað úr þeim til uppgjors eða skrá sæðingar í töflu sem er aðgengileg á heimasíðu BV, www.buvest.is Taflan sendist síðan í tölvupósti sem viðhengi á bv@bondi.is eða til viðkomandi leiðbeiningamiðstöðvar. Ef framangreindar skráningar og skýrslur um sæðingar hafa ekki skilað sér í síðasta lagi fyrir áramót reiknast 10 % álag.

Á síðasta ári voru sæddar fleiri ær frá Sauðfjársæðingastöð Vesturlands en nokkru sinni fyrr, alls 16.682 ær. Vonandi verður þátttakan einnig góð nú, veðurguðirnir okkur hliðhollir og hrútarnir fjörugir.

Með bestu kveðju
Starfsfólk Búnaðarsamtaka Vesturlands

Hrútaskráin er á www.buvest.is



Steinefnastampar

og önnur bætiefni
í miklu úrvali fyrir íslenskt búfé



Nýjung fyrir lambær
og óbornar ær



FÓÐURBLANDAN

FB Selfossi sími 570 9840
FB Hvolsvelli sími 570 9850
FB Egilsstöðum sími 570 9860

Fóðurblandan - Korngörðum 12 - 104 Reykjavík - Sími: 570 9800 - Fax: 570 9801 - netfang: fodur@fodur.is - www.fodur.is



LOPI

Íslenska ullin er einstök

Íslenskt sauðfé hefur gefið Íslendingum skjólmikla ull sem náttúran hefur þróað eftir veðri og vindum í meira en 1000 ár.



Hrútar 2012-13, lambhrútaskoðun og kynbótamat 2012

Hyrndir	Ómmæling										Lambhrútaskoðun										Kynbótamat (BLUP)				
	Fjöldi	Pungi	Vöðvi	Fita	Löngun	Fötli	Haus	H+h	B+Ú	Bak	Mallir	Læri	Ull	Fætur	Samr.	Alls	Fita	Gerd	Kjötgæði	Mjólkurlagni	Frósemi	Helld	Stöð 2012-13		
06-806	At	104	48,2	28,9	3,3	4,0	109	7,9	8,1	8,4	8,3	8,4	17,4	7,9	8,0	8,3	82,8	118	129	122	98	109	110	Fallinn	
06-807	Púki	218	49,4	28,6	3,2	3,9	111	8,0	8,0	8,4	8,3	8,6	17,3	7,8	8,0	8,3	82,7	123	107	117	108	113	113	Laugard.	
06-831	Stáli	98	46,2	28,9	2,9	3,9	110	8,0	8,2	8,5	8,4	8,6	17,6	7,8	8,0	8,2	83,3	137	117	129	112	105	115	Laugard.	
06-833	Grábotni	544	49,2	29,5	3,0	4,1	110	7,9	8,2	8,5	8,5	8,6	17,5	7,9	8,0	8,3	83,5	125	127	126	111	113	117	Varahr.	
06-841	Hukki	126	47,9	29,1	3,0	4,1	109	8,0	8,3	8,5	8,5	8,5	17,4	7,8	8,0	8,1	83,1	118	118	118	112	117	116	Fallinn	
06-864	Prófastur	223	47,8	28,5	3,1	4,0	109	8,0	8,2	8,5	8,3	8,5	17,5	8,0	8,0	8,2	83,1	114	113	114	108	105	109	Borgarnes	
07-808	Fannar	100	45,8	30,9	3,1	4,2	109	8,0	8,4	8,5	8,7	8,7	17,4	7,9	8,0	8,2	83,6	109	126	116	99	102	106	Fallinn	
07-835	Sokki	172	47,7	28,7	3,1	4,0	108	7,9	8,3	8,6	8,4	8,7	17,7	7,8	8,0	8,2	83,6	108	133	118	104	104	109	Fallinn	
07-836	Hrói	70	50,4	29,6	2,3	4,0	109	8,0	8,0	8,4	8,5	8,5	17,4	7,9	8,0	8,4	83,1	144	105	128	97	113	113	Fallinn	
07-837	Hriflon	119	47,1	30,9	2,7	4,3	109	8,0	8,1	8,4	8,7	8,6	17,6	8,1	8,0	8,3	83,7	147	123	137	108	102	116	Fallinn	
07-842	Bátur	100	47,4	28,5	3,1	3,9	108	8,0	8,1	8,5	8,3	8,5	17,4	7,9	8,0	8,2	82,8	120	124	122	104	107	111	Fallinn	
07-844	Jökull	123	46,9	29,3	3,0	4,0	109	8,0	8,1	8,5	8,4	8,5	17,5	7,7	8,0	8,3	82,9	123	130	126	95	99	107	Laugard.	
07-845	Gandur	7	50,6	29,0	2,8	4,1	112	8,0	7,8	8,6	8,9	8,8	17,6	8,0	8,0	8,3	83,9	126	116	122	99	115	112	Fallinn	
07-847	Lagður	118	48,1	29,4	3,0	4,0	111	8,0	8,1	8,4	8,4	8,4	17,3	7,9	8,0	8,3	82,9	120	123	121	101	102	108	Fallinn	
07-865	Blakkur	303	47,3	29,1	3,0	4,0	110	8,0	8,2	8,5	8,3	8,5	17,4	7,8	8,0	8,2	82,9	120	122	121	101	110	111	Laugard.	
07-866	Kvistur	111	47,3	30,2	2,7	4,2	109	8,0	8,3	8,5	8,6	8,6	17,6	7,8	8,0	8,2	83,6	118	125	121	106	105	111	Borgarnes	
07-867	Snær	56	47,4	30,0	2,6	4,1	111	8,0	8,2	8,4	8,5	8,5	17,5	8,0	8,0	8,3	83,4	128	115	123	109	98	110	Borgarnes	
07-868	Knapi	84	49,0	28,6	2,4	4,0	109	8,0	8,1	8,4	8,4	8,4	17,3	7,8	8,0	8,2	82,6	136	121	130	108	115	118	Borgarnes	
07-876	Skugga-Sveinn																	105	122	112	111	121	115	Laugard.	
08-838	Borði	286	48,1	31,8	3,0	4,3	109	7,9	8,3	8,6	8,9	8,8	17,8	7,8	8,0	8,3	84,4	117	139	126	109	92	109	Laugard.	
08-840	Kjarkur	86	45,9	29,9	3,0	4,1	109	8,0	8,2	8,5	8,5	8,6	17,5	7,8	8,0	8,2	83,2	119	113	117	121	113	117	Borgarnes	
08-869	Guffi	174	48,4	30,2	3,0	4,0	109	8,0	8,0	8,4	8,5	8,5	17,4	7,9	8,0	8,3	83,1	119	124	121	99	110	110	Laugard.	
08-870	Hergill	284	46,7	29,8	3,1	4,1	109	8,0	8,2	8,5	8,6	8,6	17,6	8,0	8,0	8,2	83,7	101	145	119	102	94	105	Borgarnes	
08-871	Próttur	50	47,3	29,5	3,1	4,1	109	7,9	8,1	8,5	8,4	8,6	17,6	7,6	8,0	8,4	83,1	124	132	127	99	104	110	Laugard.	
08-872	Þristur	48	47,5	29,6	2,9	4,2	110	8,0	8,1	8,3	8,4	8,5	17,4	8,0	8,0	8,2	82,9	114	107	111	101	114	109	Borgarnes	
08-873	Tenór	105	48,8	30,3	2,5	4,2	110	8,0	8,2	8,5	8,7	8,7	17,5	7,9	8,0	8,3	83,7	143	115	132	105	108	115	Borgarnes	
09-849	Máni	147	47,1	31,1	3,1	4,3	108	8,0	8,4	8,6	8,8	8,7	17,6	7,8	8,0	8,3	84,1	114	128	120	108	95	108	Fallinn	
09-850	Gosi	466	47,6	31,3	2,8	4,2	110	8,0	8,2	8,5	8,7	8,6	17,6	7,7	8,0	8,3	83,7	136	124	131	108	92	110	Fallinn	
09-851	Kostur	58	45,4	30,4	3,2	4,0	108	7,9	8,3	8,5	8,5	8,5	17,3	7,8	8,0	8,0	82,9	105	122	112	106	91	103	Fallinn	
09-874	Seiður	161	48,3	29,4	3,1	4,0	109	8,0	8,0	8,4	8,4	8,5	17,4	8,0	8,0	8,3	83,0	132	120	127	106	93	109	Laugard.	
09-877	Ás																	122	130	125	101	103	110	Laugard.	
09-878	Bassi																	122	132	126	101	111	113	Laugard.	



Í PLÚS?
Taktu stöðuna
með einum smelli

NÝJA ARION APPIÐ

Við kynnum Arion appið, nýjung í bankaviðskiptum á Íslandi.

Með Arion appinu getur þú tekið stöðuna á reikningunum þínum og kortum með einum smelli, án innskráningar. Þú sérð líka nýjustu færslur og ógreidda reikninga. Með því að skrá þig inn getur þú borgað reikninga, millifært og sótt PIN-númerin þin.

Þú finnur upplýsingar um appið á arionbanki.is.



Skannaðu QR kóðinn og
sæktu appið í símann þinn




TR
PENNINN

Við þjónustum þig!

Eyravegi 37, 800 Selfoss. Sími: 480 3300
www.trs.is, trs@trs.is

Prófastur

frá Dýrastöðum, Norðurárdal.



MFF: Moli 93-986, MMF: Bjartur 93-800



06-864

Prófastur 06-864		2012
LAMBHRÚTASKODUN	Fjöldi	223
	Pungi	47,8
	Fótleggur	109
	Læri	17,5
	Ull	8,0
	Ómvöðvi	28,5
	Ómfita	3,1
	Löggun	4,0

Lýsing: Hvítur, hyrndur með þróttlegan haus. Herðarnar eru örlítið háar en kúptar og vel fylltar. Bakið er vel holdfyllt, sterkt og breitt. Góð holdfylling á mölum og í lærum. Sterklegir og beinir fætur. Prófastur er fremur bollöng holdakind.


Ullarlýsing: Aðeins fölgulur í hnacka, á fótum og í reyfi. Togið fremur stutt og í meðallagi fínt.

Reynsla: Prófastur 06-864 kom á stöð sumarið 2011 og þangað valinn jafnt á grunni góðrar reynslu sem ærfaðir en einnig sem öflugur lambafaðir. Hann var því talsvert mikið notaður síðasta vetur og stór afkvæmahópur kom til skoðunar í haust. Afkvæmi hans voru þroskamikil með góða holdfyllingu en keppa ekki við bestu sæðingastöðvahrúta í bakvöðvaþykkt. Þó komu fram nokkrir afburða einstaklingar undan Prófasti sem sanna þá kjötgæðaeiginleika sem hann stendur fyrir.

Talsverð reynsla er komin á dætur Prófasts sem bæði eru ágætlega frjósamar ær ásamt því að vera góðar afurðaðær. Prófastur hefur því marga kosti fram að færa sem flestir sauðfjárbændur ættu að sjá hag sinn í að nýta.

Rétt er taka fram að Prófastur verður ekki fleiri ár á sæðingastöð þar sem heilsufar hans leyfir það ekki.

Litaerfðir: Prófastur er arfhreinn hvítur – gefur hreinhvítt. **Arfgerðargreining v/riðusmits:** Arfblendinn verndandi.



Mál og stigun: 2006-49-108-29/3,0/4,0(S)-8,0-8,5-8,5-8,5-8,5-17,8-8,0-8,0-8,0=83,8 stig



Búfénaður skal ávallt hafa aðgang að **saltsteini**

KB, búrekstrardeild - sími 430 5500
Bústólpi - sími 460 3350
KS Verslun Eyri - sími 455 4627

FB Selfossi sími 570 9840
FB Hvolsvelli sími 570 9850
FB Egilsstöðum sími 570 9860



FÓÐURBLANDAN
í héraði hjá þér

Kvistur

frá Klifmýri, Skarðsströnd.

Ætt:

Kvistur 07-866

Kveikur 05-965

Fura 04-042

Logi 04-151
Hesti

04-390
Hesti

Hringur 00-403

Ambátt 01-673

MFF: Moli 93-986



07-866

	Kvistur 07-866	2012
LAMBHRÚTASKODUN	Fjöldi	111
	Pungi	47,3
	Fótleggur	109
	Læri	17,6
	Ull	7,8
	Ómvoðvi	30,2
	Ómfita	2,7
	Lögun	4,2

Lýsing: Hvítur, hyrndur með breiðan og sterklegan haus. Hálsinn er stuttur og sver, herðarnar aðeins grófar en bolurinn kúptur. Bakið er breitt og vel holdfyllt. Malir mjög breiðar og prýðilega holdfylltar. Góð lærahold. Fætur sterkir. Fremur bolangur hrútur sem samsvarar sér ágætlega.

Ullarlýsing: Gulur í

hnakka og á fótum og gul hár áberandi í afturhluta reyfis. Þykkt og jafnt þel. Togið fremur gróft en hrokkið.

Reynsla: Kvistur 07-866 kom á stöð sumarið 2011 að fenginni góðri reynslu sem lambafaðir heima á Klifmýri. Hann var talsvert notaður síðasta vetur og stöðst væntingar mjög vel því afkvæmi hans voru að sýna mjög góðar bakvöðvamælingar í haust, ásamt því að margir afbragðsvel gerðir lambhrútar komu fram. Kjöttgæðaeiginleikar hans eru því óumdeildir.


Ásamt því að skila vel gerðum lömbum er talsverð reynsla komin á dætur hans. Allstór hópur dætra heima á Klifmýri eru þannig vel í meðallagi frjósamur og mjög góðar mjólkurær. Kvistur er því mikill alhliðahrútur til kynbóta.

Litaerfðir: Kvistur er arfblendinn hvítur, en erfir hvorki mórauðan lit né tvílit.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Hlutlaus.

Mál og stigun:

2007-51-106-31/1,8/4,0(S)-8,0-8,5-9,0-9,0-9,0-17,5-8,0-8,0-8,5=85,5 stig



Snær

frá Ingjaldsstöðum, Þingeyjarsveit.

Ætt:

Snær 07-867

Hvellur 05-969

Snælda 04-173

Hylur 01-883

Glódis 03-337
Borgarfelli

Seitill 03-163

Stóra Gul 97-729

MFF: Leki 00-880



07-867

	Snær 07-867	2012
LAMBHRÚTASKODUN	Fjöldi	56
	Pungi	47,4
	Fótleggur	111
	Læri	17,5
	Ull	8,0
	Ómvoðvi	30,0
	Ómfita	2,6
	Lögun	4,1

Lýsing: Hvítur, hyrndur með sviþmikinn haus. Aðeins háar en mjög vel holdfylltar herðar. Góðar útlögur. Bakið breitt, sterkt og holdfyllt. Malir breiðar með mjög góðri vöðvafyllingu. Prýðisgóð lærahold. Fætur sterkir. Bollangur og tignarlegur hrútur á velli.

Ullarlýsing: Hreinhvítur en gul doppa í hnakka. Ullarmagn í meðallagi, reyfið jafnt. Togið meðalfint og í meðallagi langt, aðeins gróft á baki.

Reynsla: Snær 07-867 kom á stöð sumarið 2011. Heima á Ingjaldsstöðum hafði hann verið að gefa mjög bakvöðvapykk lömb sem jafnframt voru mjög vel gerð og skiluðu góðum sláturniðurstöðum. Snær var nokkuð notaður síðasta vetur og synir hans um allt land í haust staðfesta vel þá kosti sem hann býr yfir. Þeir voru þroskamiklir og vel gerðir en aðalsmerki margra þeirra var mjög þykkur bakvöðvi. Snær er því mikill kjöttgæðahrútur og hentar mjög vel þar sem vænleiki lamba er yfir meðallagi.


Jafnframt er nokkur reynsla komin á dætur hans sem enn eru allar á heimabúi en þær eru mjólkurlagnar og hafa sýnt frjósemi um meðallag. Betri mælikvarði á frjósemi fæst næsta vor þegar fleiri dætur um allt land bætast í dætrahópin.

Litaerfðir: Arfhreinn hvítur - gefur hreinhvítt.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Hlutlaus.

Mál og stigun:

2007-58-117-35/2,0/4,5(H)-8,0-8,5-8,0-9,0-8,5-17,5-8,5-8,0-8,5=84,5 stig



Knapi

frá Hagalandi, Þistilfirði.

Ætt:

Knapi 07-868

Raftur 05-966

Nía 05-542

Bramli 04-952


03-290
Hesti

Nári 04-153

Sókn 02-234

MFF: Gári 02-904

	Knapi 07-868	2012
LAMBHRÚTASKODUN	Fjöldi	84
	Pungi	49,0
	Fótleggur	109
	Læri	17,3
	Ull	7,8
	Ómvöðvi	28,6
	Ómfita	2,4
	Lögun	4,0



Lýsing: Hvítur, krapp-hyrndur með svipsterkan og þróttmikinn haus. Aðeins háar en fremur vel fylltar herðar. Hvefður bolur, bakið sterkt með góðan vöðva. Vel vöðvaðar malir og mjög góð lærahold. Sterkir fætur. Harðholda, öflugur og myndarlegur hrútur.

Ullarlýsing: Gulur á haus og fótum og töluvert um gul hár í reyfi. Svartur blettur á fæti. Ullarmagn í meðallagi. Togið mikið en gróft, sérstaklega aftan til á baki.

Mál og stigun:



07-868

Reynsla: Knapi 07-868 kom á stöð haustið 2011 að lokinni afkvæmarannsókn í Norður-Pingeyjarsýslu það ár. Þar hafði hann verið að gefa ákaflega vel gerð lömb sem jafnframt sýndu útslag í vænleika og voru fitulítill. Hann var talsvert notaður síðasta vetur og rúmlega 80 synir hans komu til skoðunar vítt um land í haust. Hann var að gefa mjög væn lömb samhliða miklu fituleysi en synir hans voru að stigast lakar en synir margra annarra sæðingastöðvahrúta. Hins vegar voru afkvæmi hans sem fóru í slátrun í haust að flokkast mjög vel og hann mun því að öllum líkindum halda því kynbótamati sem hann hefur fyrir kjöttgæði. Afkvæmi hans leyndu því á sér og hafa eflaust blekk margan dómarann í haust. Knapi hentar líklega best þar sem vænleiki lamba er yfir meðallagi.

Jafnframt er komin talsverð reynsla á Knapa sem ærföður sem gefur frjósamar dætur og mjólkurlagnar. Hann er því mikill alhliðahrútur til kynbóta og rétt að benda á að hann hefur hæstu heildareinkunn í kynbótamati af hrútnum á sæðingastöð.

Litaerfðir: Knapi er arfhreinn hvítur.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Hlutlaus.

2007-47-103-33/2,9/4,0(H)-8,0-8,0-8,5-9,0-9,0-18,0-7,5-8,0-8,0=83,0 stig
2008-85-114-38/2,9/4,0(H)-8,0-8,5-8,0-9,0-8,5-18,0-7,5-8,0-8,0=83,5 stig

Kjarkur

frá Ytri-Skógum, Eyjafjöllum.

Ætt:

Kjarkur 08-840

Kveikur 05-965

Mugga 06-521

Logi 04-151
Hesti


04-390
Hesti

Lómur 02-923

Fönn 01-267

MMFF: Spónn 98-849, MMMF: Penni 93-989.

	Kjarkur 08-840	2010	2011	2012
LAMBHRÚTASKODUN	Fjöldi	223	47	86
	Pungi	46,9	45,5	45,9
	Fótleggur	110	106	109
	Læri	17,3	17,3	17,5
	Ull	7,8	7,8	7,8
	Ómvöðvi	29,1	28,8	29,9
	Ómfita	2,7	3,0	3,0
	Lögun	4,0	4,1	4,1



Lýsing: Hvítur, hyrndur með sterklegan haus. Stuttur háls og breiðar, vel fylltar herðar. Góðar útlögur. Pykkt, breitt og sterkt bak. Malir í meðallagi langar, feiki-breiðar og vöðvamiklar. Mjög góð lærahold. Mjög góð fótstaða. Vel í meðallagi bollangur og kviðléttur hrútur.

Ullarlýsing: Gulur á haus og fótum og mikið um gul hár í ull. Ullarmagn í tæpu meðallagi. Pelið jafnt. Togið stutt á baki.

Mál og stigun:



08-840

Reynsla: Kjarkur 08-840 kom á stöð haustið 2009 að lokinni afkvæmarannsókn í Ytri-Skógum þá um haustið. Þar skilaði hann mjög góðum lömbum sem voru vel gerð og fitulítill. Hann var svo mikið notaður fyrsta árið á stöð en heldur minna síðustu tvö ár þar sem hann hefur aldrei keppt við bestu stöðvahrúta í gerð. Ætíð koma þó fram algjörir gullmolar undan honum og nokkur af öflugustu lömbunum sem komu til skoðunar haustið 2012 voru afkvæmi Kjarks.

Talsverð reynsla er komin á Kjark sem ærföður og skipar hún honum í hóp allra öflugustu ærfeðra sem fram hafa komið í seinni tíð. Dætur hans eru mjög frjósamar ásamt því að vera framúrskarandi afurðæar. Rétt er að benda á að Kjarkur hefur hæsta kynbótamat allra núverandi sæðingastöðvahrúta fyrir mjólkurlagni. Kjarkur verður því að teljast einn allra besti alhliða kynbóthráturinn sem stöðvarnar hafa yfir að ráða í vetur og á skilið mun viðtækari notkun en hann hefur fengið síðustu tvö ár á sæðingastöð.

Litaerfðir: Kjarkur er arfblendinn hvítur en erfir hvorki mórauðan lit né tvílit.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Hlutlaus.

2008-48-109-30/2,0/4,0(H)-8,0-8,0-8,0-8,5-8,5-17,0-7,5-8,0-8,0=81,5 stig
2009-98-119-41/4,1/4,0(H)-8,0-8,5-8,5-9,0-9,0-18,0-7,5-8,0-8,0=84,5 stig

Hergill

frá Laxárdal, Þistilfirði.



FFF: Leki 00-880, FMF: Fífill 99-879, MFF: Spakur 00-909.



08-870

Hergill 08-870		2012
LAMBHRÚTASKÖÐUN	Fjöldi	284
	Pungi	46,7
	Fótleggur	110
	Læri	17,6
	Ull	8,0
	Ómvöðvi	29,8
	Ómfita	3,1
Löggun	4,1	

Lýsing: Hvítur, hyrndur með sterklegan og myndarlegan haus. Mjög breiðar og ákaflega vel fylltar herðar. Útlögur verulega miklar. Bakið breitt og vel holdfyllt. Malir breiðar og mjög vel fylltar. Feikilega þykkur og öflugur lærvöðvi. Sterkir fætur. Bollangur og sterklegur hrútur. Metfé að allri gerð.


Ullarlýsing: Gulur í hnakka, á dindli og fótum. Nokkuð um gul

hár í reyfi. Ullarmagn í meðallagi og ullarfar jafnt. Togið meðalgróft. **Reynsla:** Hergill 08-870 kom á stöð haustið 2011 að lokinni afkvæmarannsókn í Norður-Þingeyjarsýslu. Þar gaf hann ákaflega vel gerð lömb en mun seint teljast til fituleysishrúta. Hann er talsvert fjarskyldur þeim meginlínunum sem verið hafa á stöð undanfarin ár. Hann fékk mikla notkun síðasta vetur og stór hópur lamba kom til skoðunar undan honum í haust. Þetta voru kostamikil lömb sem staðfesta vel þá góðu gerð sem hann skilar en einkum voru mala- og lærahold þeirra öflug.

Nokkur reynsla er komin á dætur hans sem eru heldur undir meðallagi fyrir frjósemi og um meðallag með mjólkurlagni. Að sögn ábúenda í Laxárdal eru dætur Hergils nokkuð breytilegar en margar þeirra munu vera mjög góðar afurðaðar. Til að nýta kosti Hergils sem best ætti því að velja undir hann góðar afurðaðar.

Litaerfðir: Hergill er arfhreinn hvítur – gefur hreinhvít.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Hlutlaus.




Mál og stígun:

2008-48- -35/3,3/4,5(H)-8,0-8,5-8,5-9,0-9,0-18,0-8,0-8,0-8,0=85,0 stig
2009-93-123-39/7,5/4,0(H)-8,0-9,0-9,0-9,0-9,0-18,5-8,0-8,0-8,5=87,0 stig

Þristur

frá Steinum 2, Stafholtstungum.



MFF: Hylur 01-883, MMF: Lækur 97-843.



08-872

Þristur 08-872		2012
LAMBHRÚTASKÖÐUN	Fjöldi	48
	Pungi	47,5
	Fótleggur	110
	Læri	17,4
	Ull	8,0
	Ómvöðvi	29,6
	Ómfita	2,9
Löggun	4,2	

Lýsing: Hvítur, aðeins krapphyrndur með fríðan og þróttlegan haus. Sver háls og kúptar, vel fylltar herðar. Góðar útlögur. Breitt, sterkt og vel vöðvað bak. Malir vel fylltar og læraholdin góð. Sterkir fætur. Geðgóður, langur og sterkbyggður hrútur.


Ullarlýsing: Fölgulur á fótum og dindli og örfá gul hár í reyfi. Ullarmagn í meðallagi. Þelið þykkt, togið stutt, fínt og mjúkt.

Reynsla: Þristur 08-872 kom á stöð sumarið 2011 þar sem hann er talinn búa yfir mikilvirkum frjósemiserfðavísi ásamt því að hafa skilað góðri niðurstöðu í afkvæmarannsóknunum á heimabúi. Hann var nokkuð notaður síðasta vetur og drjúgur hópur sona hans sem kom til skoðunar í haust. Hann keppir ekki við öflugustu kjötgæðahrútana í gerð lamba en engu að síður var margt mjög kostamikilla hrúta að koma fram undan honum.

Ásamt því að sýna mikla frjósemi hjá dætrum sínum eru þær einnig ágæt afurðaðar.

Litaerfðir: Þristur er arfhreinn hvítur – gefur hreinhvít.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Hlutlaus.




Mál og stígun:

2008-50-109-27/4,2/4,0(S)-8,0-8,5-8,5-8,0-8,5-17,0-8,0-8,0-8,5=83,0 stig
2009-91-118-33/7,5/4,0(S)-8,0-8,5-8,5-8,5-8,5-17,5-8,0-8,0-8,5=84,0 stig


Tenór

frá Geirmundarstöðum, Skarðsströnd.



MFF: Áll 00-868.

	Tenór 08-873	2012
LAMBHRÚTASKODUN	Fjöldi	105
	Pungi	48,8
	Fótleggur	110
	Læri	17,5
	Ull	7,9
	Ómvöðvi	30,3
	Ómfita	2,5
Lögun	4,2	



Lýsing: Hvítur, krapphyrndur með svipmikinn haus. Hálsinn er sver og herðar breiðar og vel holdfylltar. Breið bringa og góðar útlögur. Bakið er sterkt, breitt og gríðarlega holdfyllt. Malirnar eru langar og breiðar með mikilli vöðvafyllingu. Lærnvöðvinn er þykkur og vel lagaður. Sterklegir fætur. Gæfur, mjög bollangur og frísklegur hrútur.

Ullarlýsing: Gulur á haus og fótum og smá-



08-873

vegis í reyfi. Mjög ullarmikill, þelið þykkt og tugið fremur fínt og hrokkið. Ákaflega ullarprúður hrútur.

Reynsla: Tenór 08-873 kom á stöð sumarið 2011 að fenginni góðri reynslu sem lambafaðir heima á Geirmundarstöðum. Þar hafði hann verið að gefa mjög þroskamikil lömb samhliða miklu fituleysi. Nokkuð stór hópur sona hans kom til skoðunar í haust um allt land og voru þetta mjög þroskamiklir hrútar samhliða miklu fituleysi. Jafnframt voru afkvæmi hans með þykkum bakvöðva og standa þau næst afkvæmum Snævars 10-875 í bakvöðvaþykkt af þeim hrútum sem komu nýir á sæðingastöð síðasta vetur. Synir Tenórs á nokkrum búum í Dalasýslu hafa verið að koma mjög vel út sem kjötgæðakindur. Einn þeirra, Bassi 09-878, er nú kominn til notkunar á sæðingastöð.

Stór hópur dætra hans hefur verið að sýna framúrskarandi frjósemi heima á Geirmundarstöðum og jafnframt eru þær ágætar afurðær líkt og kynbótamatið bendir til. Tenór er því mikill alhliða kynbótahrútur sem ætti ekki hvað síst að nota þar sem vænleiki er yfir meðallagi.

Litaerfðir: Tenór er arfhreinn hvítur.


Arfgerðargreining v/riðusmits: Arfblendinn verndandi.

Mál og stígun:


2008-55-109-31/2,0/4,5(S)-8,0-8,0-8,5-9,0-9,0-17,5-7,5-8,0-9,0=84,5 stig

Gaur

frá Bergsstöðum, Vatnsnesi.



FMF: Busi 03-946, MFF: Bjálfi 95-802.



Lýsing: Hvítur, ögn krapphyrndur með þróttlegan haus. Örlítið háar herðar en þróðilega holdfylltar. Útlögur í góðu meðallagi. Sterkt og vel fyllt bak. Mjög góð holdfylling bæði í

möllum og lærum. Harðholda og sterklegur hrútur.

Ullarlýsing: Gulur á haus og fótum, svört doppa á herðum. Örlítið gult í reyfi aftantil. Ullarmagn í góðu meðallagi. Þelið meðalþykkt en tugið stutt og fínt.

Reynsla: Gaur 09-879 var fenginn á stöð sumarið 2012 á grunni góðrar



09-879

reynslu sem lambafaðir á Bergsstöðum og einnig með hliðsjón af afurðaeiginleikum þeim sem hrútar frá Bergsstöðum hafa sýnt undanfarin ár. Móðurfaðir Gaur, Deli 98-094, var á sinni tíð einn besti ærfaðir á Íslandi. Haustið 2011 voru afkvæmi Gaur, 17,7 kg að jafnaði með 10,4 í gerð og 6,2 í fitu. Búsmeðaltal sama ár var 17,0 kg, gerð 9,9 og fita 6,3. Hann býr því yfir góðum kjötgæðaeiginleikum jafnframt því að kynbótamat hans fyrir mæðraeiginleika dætra er gott.

Móðir hans, 01-132, féll árið 2010. Hún var frjósome ær, ætíð tvílembd utan tvö skipti sem hún var þrílembd og hafði 6,7 afurðastig.

Litaerfðir: Gaur er arfhreinn hvítur.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Hlutlaus.

Mál og stígun:

2009-44-108-29/2,5/4,0(S)-8,0-8,5-9,0-8,5-9,0-18,0-8,0-8,0-8,0=85,0 stig


Rafall

frá Úthlíð, Skaftártungu.

Ætt:



MFF: Lækur 97-843, FMMF: Neisti 97-844, MMFF: Bruni 93-988.



Lýsing: Hvítur, svipmikill og vel hyrndur hrútur. Góð vöðvafylling í herðum og bolurinn mjög útlögumikill. Bakið sterkt, langar og vel fylltar malir. Vel lagaður og góður lærvöðvi.

Sterklegir fætur og fótstaða góð. Mjög bollangur og föngulegur hrútur á velli.

Ullarlýsing: Örlítið gult í hnacka, fótum og aðeins aftan til í reyfi. Fremur ullarmikill en stutt ull á baki. Togið jafnt, hrokkið og meðalfint.

Reynsla: Rafall 09-881 var fenginn á stöð sumarið 2012 á grunni góðrar reynslu frá heimabúi þar sem hann hefur verið að gefa mjög þroskamikil lömb sem jafnframt hafa verið vel gerð samhliða hóflegri



09-881

fitu. Þannig voru sláturniðurstöður lamba undan honum haustið 2011, 18,9 kg með 10,3 í gerð og 7,3 í fitu. Búsmeðaltal sama ár var 18,1 kg, gerð 9,7 og fita 7,3. Hann var einnig notaður á Ljótastöðum í Skaftártungu sama ár og sýndi þar svipaða niðurstöðu nema öllu meira útslag í vænleika. Kostir hans munu því eflaust nýttast best þar sem vænleiki lamba er yfir meðallagi.

Í Úthlíð á ræktunarstarf sér langa sögu og að móður hans standa margir af helstu ærfeðrum búsins undanfarna áratugi. Móðir hans, 03-303, var góð afurðæær. Hún átti lamb gemlingur, síðan einu sinni einlembd og einu sinni þrílembd, annars tvílembd með 6,2 afurðastig. Nokkur reynsla er komin á dætur Rafals sem hafa sýnt mjög góða frjósemi og eru á meðaltali með afurðaeiginleika. Nákvæmara mat mun fást á þann eiginleika þegar uppgjör fyrir haustið 2012 liggur fyrir.


Litaerfðir: Rafall er arfhreinn hvítur.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Hlutlaus.


Partur

frá Kirkjubóli, Dýrafirði.

Ætt:



MMFF: Bjartur 93-800



Lýsing: Hvítur, hyrndur með svipfríðan haus. Stuttur og vel holdfylltur háls með kúptar og vel fylltar herðar. Við bringa og góðar útlögur. Bakið breitt og vel holdfyllt. Breiðar holdfylltar malir og mjög þykkur lærvöðvi. Fætur réttir og

góð fótstaða. Bollangur og tilkomumikill hrútur á velli.

Ullarlýsing: Fölgulur á fótum. Örlítið gult í ull á mölum. Ullarmagn í meðallagi. Þykkt þel og togið jafnt og fint.

Reynsla: Partur 09-882 var fenginn á stöð sumarið 2012 og var þar horft til glæsilegra niðurstaðna hans á heimabúi um kjötgæði lamba. Hann er annar sonur Fannars 07-808 sem kemur á stöð og líklega



09-882

einhver sá alöflugasti af þeim sem fram hafa komið á landinu. Hann hefur verið að gefa væn og vel gerð lömb sem hafa sýnt gríðarlega mikið útslag í bakvöðvaþykkt. Þannig voru sláturlömb undan honum haustið 2011 17,1 kg að jafnaði með 9,8 í gerð og 7,5 í fitu. Búsmeðaltal var á sama tíma 16,5 kg, gerð 9,2, fita 7,1. Við skoðun lamba undan honum nú í haust heima á Kirkjubóli voru yfirburðir hans og sonar hans enn mjög miklir í bakvöðvaþykkt. Hér er því mikill kjötgæðahrútur á ferðinni og verðugur arftaki föðurs síns á sæðingastöð.

Móðir Parts, 06-647, er frábær afurðæær, ætíð tvílembd með 8,8 afurðastig. Nokkur reynsla er komin á dætur Parts og virðast þær í meðallagi frjósamir en ágætlega mjólkurlagnar líkt og kynbótamat hans gefur til kynna.

Litaerfðir: Partur er arfblendinn hvítur og erfir einnig bæði mórauðan lit og tvílit þannig að allra lita má vænta hjá afkvæmum hans.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Hlutlaus.

Mál og stigun:

2009-52-110-37/4,0/5,0(H)-8,0-8,5-8,5-9,5-9,0-18,0-8,0-8,0-8,5=86,0 stig
2010-94-119-40/5,8/5,0(H)-8,0-8,5-9,0-9,0-9,0-18,0-8,0-8,0-8,0=85,5 stig

Soffi


frá Garði, Þistilfirði.
(Keyptur frá Minni-Ökrum, Akrahreppi)



FMFF: Mímír 04-951, MFFF: Prúður 94-834, MFMF: Bambi 95-829.



10-885



Lýsing: Mórauður, fríður haus en aðeins krapphyrndur. Aðeins háar en holdfylltar herðar. Breið bringa og útlögur í meðallagi. Breitt og átökugott bak. Malir langar og vel fylltar ásamt góðum læraholdum. Feikna

bollangur og hetjulegur hrútur á velli.

Ullarlýsing: Áberandi grá hár í reyfi. Fremur ullarmikill og reyfið þykkt. Togið í meðallagi fínt.

Reynsla: Soffi 10-885 er annar tveggja mórauðra hrúta sem sæðingastöðvarnar festu kaup á sumarið 2012 og var þar byggt á

góðri reynslu afkvæma hans á Minni-Ökrum þangað sem hann var fenginn sem lamb haustið 2010. Hann var að sýna gríðarlegt útslag í þroska lamba haustið 2011. Fallþungi þeirra var 19 kg, gerðin 10,3 og fita 7,3. Búsmeðaltal var 16,6 kg, gerð 9,2 og fita 7,3. Einnig hefur hann komið vel út í bakvöðvamælingum lamba og eru kjötgæðaeiginleikar hans því ótvíræðir.

Móðir hans, Forn 03-363, var geld gemlingur en ætíð tvílembd eftir það utan einu sinni einlembd sem og þrílembd. Hún er mjög mjólkurlagin og afurðastig hennar eru 9,3. Lítil reynsla er fengin á Soffa sem ærfæður en kynbótmat hans fyrir þá eiginleika er um meðallag.

Litaerfðir: Þar sem Soffi er mórauður sjálfur má vænta allra grunnlita hjá afkvæmum hans leyfi móðurætt slíkt. Hann hefur einnig erfðavísir fyrir tvílit - gefur hreinhvítt.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Hlutlaus.

Mál og stigun:


2010-48-110-34/3,3/4,5(H)-8,0-8,5-8,5-9,0-8,5-18,0-8,0-8,0-8,5=85,0 stig

Drífandi

frá Hesti, Borgarfirði.



FMF: Kveikur 05-965,



Lýsing: Svartur, fínhyrndur með svipfríðan haus. Hvelfdur bolur með miklar útlögur og breiðar, holdfylltar herðar. Mjög góð bakhöld. Malir í meðallagi langar, breiðar og vel holdfylltar. Læravöðvi þykkur og kúptur, fyllir feikna vel í krika. Prúður og samanrekin holdahnaus.

Ullarlýsing: Ullarmikill með jafnt og þykkt reyfi. Örlítið um grá hár. Togið hrokkið, meðalfínt og jafnt um allt reyfi.

Reynsla: Drífandi 11-895 var fenginn á stöð þegar niðurstöður afkvæmarannsóknar á Hesti haustið 2012 lágu fyrir. Í rannsókninni



11-895

kom fram meiri munur milli afkvæmahópa en síðustu tvö ár, afföll á veturgömlu hrútnum voru hins vegar meiri en oft áður svo Drífandi var sá eini af toppunum sem valinn var á stöð. Afkvæmi hans voru væn, vöðvaþykk og hæfilega feit. Fallþungi tvílembingshrútanna var 15,4 kg, gerð 10,1 og fita 6,3. Meðaltal rannsóknar var 15,5 kg, gerð 9,5 og fita 6,0. Drífandi býr því yfir þekktum kjötgæðaeiginleikum Hestfjárins.

Vegna aldurs er BLUP matið um afurðaeiginleika dætra að öllu byggt á ætterni, en það er jákvætt fyrir báða eiginleika. Móðir Drífanda, 08-816, hefur verið frjósöm ær, alltaf tvílembd. Afurðastig hennar eru 4,5.

Litaerfðir: Drífandi er arfhreinn svartur, gefur hvorki mórauðan lit né tvílit.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Hlutlaus.


Mál og stigun:

2011-47-108-30/1,9/4,0(S)-8,0-8,5-9,0-9,0-9,0-18,5-8,5-8,0-8,0=86,5 stig
2012-83-117-34/3,6/4,0(S)-8,0-8,5-9,0-9,0-9,5-18,0-7,5-8,0-8,0=85,5 stig


Prúður

frá Ytri Skógum, Eyjafjöllum.

Ætt:



MMF: Bessi 99-851



Lýsing: Hvítur, hyrndur og svipfríður. Stuttur háls og holdgróinn um herðar. Mjög góðar útlögur. Bak með þykkum vöðva. Malir í meðallagi langar en frábærlega fylltar. Lærvöðvinn þykkur og fyllir vel upp í krika. Góð fótstaða. Jafnvaxinn og ágætlega bollangur hrútur sem jafnframt er glæsilegur á velli.

Ullarlýsing: Ljósugulur í hnakka og á fótum. Örlítið gult í reyfi. Ullarmagn í meðallagi. Þel jafnt og þykkt. Togið hrokkið og fremur fínt.

Reynsla: Prúður 11-896 var fenginn á stöð að lokinni afkvæmarann-



sókn á veturgömlum hrútum í Ytri-Skógum haustið 2012. Hann vakti þó fyrst athygli sem lamb fyrir glæsilega byggingu líkt og dómur hans sýnir og var hæst dæmda hrútlamb Rangárvallasýslu það haust. Í rannsókninni í Ytri-Skógum átti hann margt mjög kostamikilla gripa en aðalseinkenni þeirra voru mjög öflug lærahold sem endurspegladist í mjög hagstæðu gerðarmati í sláturhúsi. Þannig var meðalþungi sláturlamba hans 17,6 kg, gerð 10,7 og fita 6,9. Meðaltal rannsóknar var 17,7 kg, gerð 10,1 og fita 7,0. Bakvöðvamæling afkvæma hans var aðeins breytileg líkt og hefur einkennt afkvæmi föður hans Hukka 06-841. Prúður átti jafnframt næst stigahæsta hrútahópin (83,2 stig – 32 lömb) í heildarstigun af hrútunum sem voru í rannsókn.

Móðir Prúðs, Pysja 06-519, hefur verið farsæl afurðaðer, ætíð tvílembd með 6,4 afurðastig.

Litaerfðir: Prúður er arfhreinn hvítur.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Hlutlaus.

Mál og stigun:

2011-59-105-40/2,9/5,0(H)-8,0-9,0-9,0-9,5-9,5-18,5-8,0-8,0-9,0=88,5 stig
2012-84-112-38/3,0/4,5(H)-8,0-9,0-9,0-9,0-9,0-18,5-8,0-8,0-8,5=87,0 stig

Traust og góð þjónusta

Hjá SAH Afurðum ehf. er lögð áhersla á trausta og góða þjónustu við slátrun sauðfjár, hrossa, folalda, nautgripa og svína

Getum bætt við okkur slátrun í öllum tegundum

Þökkum farsæl viðskipti



SAH Afurðir ehf.

Húnabráut 39 540 Blönduós
Sími 455 2200 Fax 455 2201
Netfang sah@sahun.is www.sahun.is



Með RITCHIE kerfinu verður meðhöndlun sauðfjár leikur einn.

Einingarnar í RITCHIE kerfinu eru hannaðar til þess að ganga saman sem eykur notkunarmöguleika og stytta vinnuferla. Einingarnar eru teinaðar saman á fljótlegan og einfaldan hátt. Allar vörurnar frá RITCHIE eru heitgalvanhúðaðar sem tryggir hámarksendingu við íslenskar aðstæður.



Fjárgangur

Til meðhöndlunar og flokkunar á sauðfé. Grunneining. Mögulegt er að bæta við grunneiningu eða kaupa staka hluti úr henni.



Veltibúr

Auðveldar klaufskurð til muna. Snýr féna og skorðar það á bakið. Rétt vinnuhæð, ekkert bogr, engin barátta.



Fjárovogir

Fjárovogir - Skífuvogir og tölvuvogir. Áratuga reynsla á Íslandi. Hægt að fá tölvu með örmerkjalesara.



Combi-Clamp - fjárklemman

Fjárklemman klemmir féð og heldur því kyrru á meðan það er meðhöndlað. Flokkun í 3 áttir. Rétt vinnuhæð.

Aðrar vörur í sauðfjár búskapinn

Gerðisgrindur - Koma í tveimur lengdum, 1,2 m og 1,8 m. Hagstætt verð. Læsast saman án nokkura festinga.

Gjafagrindur - Gjafagrindurnar frá Ritchie eru sterk smíði. Teinaðar saman, einfaldari meðhöndlun. Heitgalvanhúðaðar.

Drykkjarker - Drykkjarker með floti, henta vel í fjárhúsin. Galvaniseruð á góðu verði.

Comer heyskeri - Meðfærilegur og góður. Sker rúllur eins og smjör.

KOLLÓTTIR HRÚTAR

Steri

frá Árbæ, Reykhólasveit.
(Keyptur frá Bæ, Árneshreppi)

Ætt:



FMMF: Dalur 97-838.



07-855

	Steri 07-855	2012
LAMBHRÚTASKODUN	Fjöldi	225
	Pungi	48,1
	Fótleggur	110
	Læri	17,6
	Ull	8,1
	Órnvöðvi	29,5
	Ómfita	3,2
	Lögun	4,0

Lýsing: Hvítur, kollóttur með kraftmikinn haus. Ákaflega vel holdfylltar herðar og bolurinn sívalur. Pykkt og sterklegt bak. Mjög góð vöðvafylling á mólum og læraholdin afar góð. Sterkir fætur. Kviðléttur og jafnvaxinn hrútur.

Ullarlýsing: Gulur í hnacka, á fótum og gul hár aftan til í reyfi. Ullarmagn í meðallagi. Togið fremur stutt en fínt.


Reynsla: Steri 07-855 kom til notkunar á sæðingastöð að lokinni

afkvæmarannsókn í Strandasýslu haustið 2011. Þar hafði hann verið að gefa mjög mikil kjötgæði hjá afkvæmum sínum og fáir hrútar sem koma með svo mikla reynslu inn á sæðingastöð líkt og Steri gerði. Hann var mikið notaður síðasta vetur og stór hópur lamba undan honum kom til skoðunar nú í haust. Afkvæmi hans eru kostamikil, láta lítið yfir sér á velli, en eru gríðarlega harðholda með öflugan bakvöðva ásamt afbragðs læra- og malaholdum. Meðal þeirra var að finna marga yfirburðargripi um allt land og víða þar sem héraðssýningar lambhrúta fóru fram átti hann fulltrúa í efstu sætum. Steri hefur því gríðarlega mikla kosti sem kjötgæðakind sem hann erfir vel frá sér því synir hans koma víða vel út. Einn sona hans, Kroppur 10-890, er nú kominn til notkunar á sæðingastöð.

Jafnframt er komin mikil reynsla á Stera sem ærföður. Dætur hans eru um meðallag hvað frjósemi snertir en miklar afurðar. Þannig höfðu ríflega 60 dætur hans 5,7 að meðaltali í afurðastig haustið 2011.

Litaerfðir: Steri er arfhreinn hvítur – gefur hreinhvítt.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Hlutlaus.



Mál og stígun: 2007-51-105-32/2,9/5,0(S)-8,0-9,0-9,0-9,5-9,0-18,0-7,5-8,0-9,0=87,0 stíg

Búinn að velja besta sæðingahrútinn?

Þá þarf að hugsa fyrir lambamerkjum 😊

Skosku fjármerkin frá Allflex eru frábær í lömb. 12 ára reynsla hérlendis. Tolla einstaklega vel í lömbunum. Stórt og greinilegt letur hefur notið vinsælda. Allir litir fáanlegir. Tvær gerðir; BUBBLEGUM (Adam-merki) og ADAMATIC-merki (10 merki saman í töng).

Báðar gerðir fást einnig rafræn (EID) og hafa verið notaðar hérlendis árum saman. Frábær reynsla af þeim, m.a. í Ófeigsverkefni BÍ.

Nánari upplýsingar má sjá á heimasíðu okkar: www.afurdir.is/hofdi

ATH. Nýtt netfang: bitif.sneittf@afurdir.is

eða í sínum 463 3264, 862 5471 (Þorkell) og 863 5471 (Ásta).

Höfðabændurnir Þorkell M. Pálsson og Ásta F. Flosadóttir




Brjánn

frá Melum 1, Árneshreppi.

Ætt:

Brjánn 08-856



08-856

MMMF: Hnykkur 95-875.

	Brjánn 08-856	2012
LAMBHRÚTASKODUN	Fjöldi	17
	Þungi	48,9
	Fótleggur	111
	Læri	17,4
	Ull	8,2
	Ómvöðvi	28,2
	Ómfita	3,3
	Lögun	3,9

Lýsing: Hvítur, kollóttur með myndarlegan haus. Stuttur og sver háls, kúptar og vel fylltar herðar. Viður og mikill brjóstkassi. Sterkt og vel holdfyllt bak. Mjög góð vöðvafylling á mölum og mjög góð lærahold. Sterklegir fætur. Ákaflega gæfur og bollangur hrútur.

Ullarlýsing: Fölgulur á haus og dindli en mjög lítið um gul hár í reyfi. Ullarmagn í tæpu meðallagi. Þelið ekki

Mál og stígun:

þykkt en togíð langt og gróft í lærum og síðum.

Reynsla: Brjánn 08-856 kom til notkunar á sæðingastöð að lokinni afkvæmarannsókn í Strandasýslu haustið 2011. Þar gaf hann mjög kostamikil afkvæmi með afbragðsgerð. Hann fékk hins vegar ekki mikla notkun síðasta vetur en tæplega 20 synir hans komu til skoðunar í haust. Í þeim hópi voru nokkrir kostagripir sem voru vel gerðir og staðfestu vel þá eiginleika sem hann er þekktur fyrir frá heimaslóð og má kynna sér í hrútaskrá síðasta árs.

Nokkur reynsla er einnig komin á dætur hans sem eru ágætær ær. Þó kynbótamat hans fyrir mjólkurlagni sé undir meðallagi var meðalafurðastig þeirra 5,21 haustið 2011. Þær eru einnig ágætlega frjósamar ær.

Litaerfðir: Brjánn er arfhreinn hvítur – gefur hreinhvít.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Hlutlaus.

2008-45-111-27/3,1/4,0(S)-8,0-8,5-9,0-8,0-8,5-17,5-8,0-8,0-8,0=83,5 stig
2009-86-117-33/4,7/4,5(S)-8,0-8,0-8,5-8,5-8,5-17,5-8,0-8,0-8,0=83,0 stig

Forði

frá Heydalsá, (Ragnari Bragasyni), Steingrímsfirði.
(keyptur frá Stað, Steingrímsfirði)

Ætt:

Forði 08-858



08-858

	Forði 08-858	2012
LAMBHRÚTASKODUN	Fjöldi	92
	Þungi	50,3
	Fótleggur	112
	Læri	17,5
	Ull	8,4
	Ómvöðvi	28,6
	Ómfita	3,5
	Lögun	3,9

Lýsing: Hvítur, kollóttur með sterk- og þróttlegan haus. Vel fylltur um herðar með sívalan bol. Bakið sterkt, breitt og vel holdfyllt. Vöðvafylling á mölum góð og lærvöðvinn þykkur og vel gerður. Fætur sterklegir. Bollangur og fallgur hrútur á velli.

Ullarlýsing: Hreinhvítur. Ullarmagn í góðu meðallagi, þykkt reyfi. Tog allmikið og fremur gróft en jafnt. Fallegt reyfi.

Reynsla: Forði 08-858 kom til notkunar á sæðingastöð sumarið 2011 á grunni góðrar reynslu sem lambafaðir á Stað þangað sem hann var seldur sem lamb. Þar gaf hann þroskamikil og fitulítill lömb. Hann var talsvert notaður síðasta vetur og nokkuð stór hópur sona hans kom til skoðunar í haust. Það voru þroskamikil lömb og mörg hver afbragðs vel gerð þó þau væru ekki að sýna sama fituleysi og þau gerðu heima á Stað. Hann erfrir því vel marga af þeim kostum sem synir Boga 04-814 hafa sýnt mjög sterkt um allt land undanfarin ár.

Nokkur reynsla er komin á Forða sem ærföður en dætur hans sýna afbragðs frjósemi ásamt því að vera ágætlega mjólkurlagnar líkt og kynbótamat hans segir til um.

Litaerfðir: Forði er arfhreinn hvítur.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Hlutlaus.

Mál og stígun:


2008-47-110-30/3,0/4,0(S)-8,0-8,5-8,5-8,5-9,0-18,0-9,0-8,0-8,5=86,0 stig

Höttur


frá Húsavík, Steingrímsfirði.

Ætt:

Höttur 09-887



MFFF: Boli 99-874.



Lýsing: Svartfleckóttur, kollóttur með þróttmikinn og breiðan haus. Breiðar og vel fylltar herðar, bringan breið og miklar útlögur. Breitt og sterkt bak ásamt breiðum, vel fylltum

möllum. Góð lærahold, lærvöðvinn mjög þykkur. Virkjamikill og bollangur hrútur.

Ullarlýsing: Svartar dropur um allan bol. Mjög ullarmikill og reyfið þykkt, nokkuð togmikið og togíð fremur gróft.

Reynsla: Höttur 09-887 var fenginn á stöð sumarið 2012 á grunni góðrar reynslu á heimabúi auk þess sem hann er nýr kollóttur, tvílitur



09-887

hrútur á sæðingastöð. Jafnframt er hann fjarskyldur aðalættarlínunum í kollótta stofninum undanfarin ár. Haustið 2010 var meðalþungi afkvæma hans 17,5 kg, gerð 10,4 og fita 7,0. Búsmeðaltal sama ár var 16,9 kg, gerð 9,8 og fita 7,0.

Móðir hans, 03-325, hefur verið frjósöm og farsæl afurðaðær, ætið tvílembd með 5,2 afurðastig. Vísbendingar eru um að dætur Hattar séu einnig frjósamar og ágætar afurðaðær, líkt og kynbótamat hans fyrir þá eiginleika gefur til kynna.

Litaerfðir: Undan Hetti má vænta allra grunnlita sauðfjárstofnsins leyfi móðurætt slíkt þar sem hann hefur auk tvílitur erfðavísi fyrir móræuðum lit.

Artgerðargreining v/riðusmits: Hlutlaus.

Mál og stigun:

2009-47-106-28/3,0/4,0(H) -8,0-8,5-8,5-8,5-8,5-17,5-8,0-8,0-8,5 = 84,0 stig

Glæsir


frá Sauðadalsá, Vatnsnesi.

Ætt:

Glæsir 09-888



MMFF: Bjartur 93-800



Lýsing: Hvítur, kollóttur með þróttlegan haus, kúptar og vel holdfylltar herðar. Góðar útlögur. Bakið sterkt og breiðar holdfylltar malir. Góð lærahold. Jafnvaxinn, harðholda og gæfur hrútur.

Ullarlýsing: Gulur á fótum og í hnakka, gult í ull aftantil. Svört doppa í baki. Frekar ullarlítil, þelið fremur lítið en tog strítt og gróft.

Reynsla: Glæsir 09-888 kom á stöð sumarið 2012 og er einn fjölmargra sona Boga 04-814 sem komu fram á sjónarsviðið eftir að Bogi kom til notkunar á sæðingastöð. Líkt og Glæsir sjálfur eru afkvæmi hans mjög



09-888

myndarleg á velli. Þannig var fallþungi afkvæma hans haustið 2010 19,5 kg, gerðin 10,5 og fita 7,3. Búsmeðaltal sama ár var 18,8 kg, gerðin 9,6 og fita 7,2. Haustið 2011 kom fram afkvæmahópur undan syni Glæsis, sem lifði aðeins í eitt ár og tók sá hópur afkvæmum Glæsis fram í gjörvileika. Kjöttgæðaeiginleikar Glæsis eru því ótvíræðir en kostir hans nýtast líklega best þar sem vænleiki lamba er yfir meðallagi.

Móðir hans, 06-652, hefur verið góð afurðaðær, einlembd gemlingur, annars tvílembd utan tvisvar þrílembd. Afurðastig hennar eru 7,4. Dætur hans hafa reynst ágætlega frjósamar ær og eru einnig dugmiklar afurðaðær líkt og kynbótamat hans gefur til kynna.

Litaerfðir: Glæsir er arfhreinn hvítur – gefur hreinhvítt.


Artgerðargreining v/riðusmits: Arfblendinn verndandi.

Mál og stigun:


2009-55-111-28/3,5/4,0(S) -8,0-8,5-8,5-8,5-9,0-17,5-8,0-8,0-8,5=84,5 stig

Strengur

frá Árbæ, Reykhólasveit.



MMF: Emil 05-025 faðir Stera 07-855.



Lýsing: Hvítur, kollóttur með fríðan haus. Kúptar, vel fylltar herðar. Sívalur bolur og mjög miklar útlögur. Bakið breitt, vel vöðvað og mjög vel holdfylltar malir. Frábær lærahold. Fótstaða góð.

Bollangur og fongulegur hrútur.

Ullarlýsing: Hreinhvítur og ullarmagn í meðallagi. Pelið jafnt, togjð fremur stutt, hrokkið en dálítið gróft í aftanverðu reyfi.

Reynsla: Strengur 09-891 kom á stöð haustið 2012 að lokinni afkvæmarannsókn fyrir sæðingastöðvarnar á báðum búunum að Heydalsá í Strandasýslu. Hann hafði áður verið að sýna góða kosti



09-891

heima í Árbæ og staðfesti þá svo í rannsókninni í haust. Hann gefur mjög þroskamikil lömb sem einnig eru mjög vel gerð en fitumat þeirra er aðeins breytilegt. Hjá Ragnari á Heydalsá var meðalþungi sláturlamba hans 19,8 kg, gerðin 11,2 og fita 8,1. Meðaltal rannsóknarinnar var 18,8 kg, gerð 10,1 og fita 7,5. Við val hans á stöð var ekki síður horft til þess stóra dætrahóps sem til er undan honum en þær eru ágætlega frjósamar og öflugar mjólkurær líkt og kynbótamat hans gefur til kynna.

Móðir hans, 07-216, er farsæl afurðaðær, ætíð tvílembd með 8,2 afurðastig.

Litaerfðir: Strengur er arfblendinn hvítur með erfðavísi fyrir tvílit og mórauðum lit - gefur hreinhvítt.



Arfgerðargreining v/riðusmits: Arfblendinn verndandi.

Mál og stígun:

2009-48-109-31/2,3/4,0(S)-8,0-8,0-8,5-9,0-8,5-18,0-9,0-8,0-8,5=85,5 stig

Dolli

frá Heydalsá, (Ragnari Bragasyni), Steingrímsfirði.



Lýsing: Hvítur, kollóttur með svipmikinn haus. Vel fylltur um háls og herðar en aðeins slöður aftan við bóga. Útlögur í meðallagi. Breitt og sterkt bak. Breiðar holdfylltar malir. Ágæt lærahold, mjög bollangur og gæfur hrútur í umgengni.

Ullarlýsing: Hreinhvítur, ullarmagn í góðu meðallagi. Pelið jafnt, nokkuð togmikill en togjð langt og nokkuð gróft.

Reynsla: Dolli 09-892 kom á stöð haustið 2012 að lokinni afkvæmarannsókn fyrir sæðingastöðvarnar í Strandasýslu. Hann býr yfir Þokugeninu, mikilvirkum frjósemiserfðavísi, og helmingur



09-892

afkvæma hans ætti að erfa þann eiginleika. Hann gefur einnig ágætlega gerð lömb sem jafnframt eru mjög þroskamikil. Þannig voru sláturlömb undan honum haustið 2011 19,1 kg að meðaltali með 10 í gerð og 6,4 í fitu. Búsmeðaltal sama ár var 18,1 kg, gerð 10,2 og fita 7,0. Í afkvæmarannsókninni komu fram margir mjög glæsilegir synir hans. Þeir voru með þykkar bakvöðva og litla fitu en skorti stundum aðeins á holdfyllingu í lærum.

Auk þess að gefa frjósamar dætur eru þær einnig ágætlega mjólkurlagnar. Þannig voru nærri 20 dætur hans haustið 2011 með 5,31 afurðastig að meðaltali. Móðir hans, 03-576, var góð afurðaðær, ætíð tvílembd auk þess að eiga þrjú lömb tvisvar sinnum og var með 8,9 afurðastig.

Litaerfðir: Dolli er arfblendinn hvítur með erfðavísi fyrir tvílit en ekki er þekkt að hann gefi mórautt - gefur hreinhvítt.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Hlutlaus.


Mál og stígun:

2009-52-110-30/2,9/4,5(S)-8,0-8,5-9,0-9,0-9,0-18,0-9,0-8,0-8,5=87,0 stig
2010-90-120-29/3,9/3,5(S)-8,0-8,0-9,0-8,5-9,0-17,5-8,5-8,0-8,5=85,0 stig

FORYSTUHRÚTUR

Jóakim

frá Bjarnastöðum, Öxarfirði.



FFF og FMF: Leifur 02-900, FFM: Kata 03-381.

Lýsing: Jóakim hefur flesta þá kosti sem prýða íslenskt forystufé. Hann er svarbaugóttur, vel hyrndur, tignarlegur forystuhrútur og greinilega vakandi fyrir því sem gerist í kringum hann. Hann er jafnframt yfirvegaður og góður í umgengni. Dætur Jóakims eru stórar og föngulegar forystuær sem skera sig vel úr hjörð svo sem vera ber þegar um slíkt fé ræðir. Jóakim er eins og sjá má aðeins

skyldleikaræktaður afkomandi Leifs 02-900 og Kötu 03-381 en nokkuð fjarskyldur þeim forystubekrum sem stíkað hafa um hrútakrubbur sæðingastöðvanna hin síðari ár.

Litaerfðir: Undan Jóakim geta allir litir komið fram.
Artgerðargreining v/ riðusmits: Hlutlaus.

BÆNDUR
hjá okkur fá ið þið
allt það helsta
sem ykkur vantar
til búreksturs:

- * Áburður
- * Sáðvörur
- * Rúlluplast
- * Fóðurvörur
- * Girðingarefni
o.m.fl.

**BÚAÐFÖNG**

bu@bu.is

Bu.is ehf. • Stórolfsvöllur • 861 Hvolsvöllur

Sími 487 8888 • Fax 487 8889



Þarft þú að gefa fé?

-við framleiðum þrjár útfærslur af gjafagrindum

Gjafagrind til notkunar úti
eða á taði, fyrir allt að 30 kindur.

- Létt og meðfærileg
- Sterk
- Sauðfé brýtur ekki hornin á grindinni

Rúllugrindur fyrir stórgripi

- Frábær hönnun
- Mjög einföld í notkun
- Sterk og meðfærileg

Gjafagrind til notkunar
innandyra,
fyrir allt að 70 kindur.

- Þrjár gerðir
- Sterk
- Auðveld í notkun
- Sérstakar slæðigrindur
- Sauðfé brýtur ekki hornin á grindinni

Heiniger

TIL SÖLU

FJÁR-, KÚA- OG HESTAKLIPPUR

KAMBAR OG HNÍFAR

BRÝNSLUVÉLAR



STILLI HANDFÖNG Á BARKAKLIPPUM
BRÝNI KAMBA OG HNÍFA

GUÐMUNDUR HALLGRÍMSSON
TÚNGÖTU 16 - HVANNEYRI - 311 BORGARNES
SÍMAR: 437 0099 OG 860 7305 EFTIR KL. 17:00



Fyrir sauðfé



Mikið úrval af sauðfjártengdum vörum



Margar tegundir
brynningartækja



Hrútabelti og litir fyrir
fengitímamann



Ormalyfs- og
bólusetningasprautur



Landsins mesta úrval af rúningsvörum



Margar gerðir af
klaufsnyrtiklippum



Allt fyrir smalahundinn!
Fóður, bækur, myndbönd,
flautur og fleira

JÖTUNN VÉLAR ehf.

Lítið við í
vefverslun okkar
www.jotunn.is

Jötunn Vélar hf - Austurvegur 69 - 800 Selfoss - Sími: 480 0400 - Fax: 482 4108
Netfang: jotunn@jotunn.is - Heimasíða: www.jotunn.is

Ræktunarmarkmið fyrir íslenska sauðfjárstofninn

Almenn ræktunarmarkmið

Í framtíðarskipulagi á ræktun íslenska sauðfjárstofnsins skal lögð áhersla á að varðveita sérkenni hans ásamt því að framrækta þá eiginleika sem mestu máli skipta fyrir sjálfbæra og hagkvæma sauðfjárframleiðslu hverju sinni. Stöðugt þarf að bæta alla helstu framleiðslueiginleika, þ.e. frjósemi, afurðasemi, kjöt- og ullargæði. Mikilvægt er að rækta jafnt hyrnt sem kollótt fé, viðhalda skal öllum litaafbrigðum og sérkennum öðrum svo sem forystuhæfileikum, frjósemiserfðavísunum og ferhyrndu fé. Sérstaka áherslu skal leggja á heilbrigði stofnsins og endingu gripa. Gæta skal að nauðsynlegum erfðabreytileika í stofninum og halda aftur af óæskilegri aukningu í skyldleikarækt. Jafnframt þarf að hvetja til samfélagslegrar ábyrgðar þegar kemur að ræktun og verndun þessara stofna.

Sérstök ræktunarmarkmið fyrir einstaka eiginleika

Frjósemi

Leggja skal áherslu á að auka eðlislæga frjósemi sauðfjárstofnsins þannig að fullorðnar ær eigi ekki færri en tvö lömb að jafnaði og að veturgamlar ær festi fang og eignist að jafnaði ekki færri en eitt lamb.

Einnig skal stefnt að því að minnka vanhöld lamba sem kostur er og stefna að því að 95% þeirra lamba sem fæðast að vori komi til nytja að hausti.

Mjólurlagni

Leggja skal áherslu á að auka mjólurlagni ána þannig að ærin mjólki að lágmarki tveimur bráðþroska lömbum.

Vaxtargeta

Hámarka skal vaxtarhraða svo æskilegum fallþunga sé náð á sem skemmstum tíma. Leggja skal áherslu á bráðþroska í sumarhögum.

Kjötgæði

Stefnt skal að því að rækta þéttholda og bollangt fé, þ.e. langt m.v. legglengd, með þykka vöðva samfara hóflegri fitu og léttum beinum. Stefnt skal að því að nær allir innlagðir dilkar fari í holdfyllingarflokk R eða betri, þar af 40% í

holdfyllingarflokka E og U. Hvað fituflokkunina snertir skal stefnt að því að 90% innlagðra dilka fari í fituflokka 2 og 3. Jafnframt þarf að huga að því að hin rómuðu bragðgæði íslenska dillkakjötsins haldi sér.

Ullargæði

Leggja skal áherslu á ræktun hvítrar og hreinhvítrar ullar þar sem leitast verður við að lágmarka gular illhætur og að útrýma þeim hvítu. Leggja skal áherslu á ullarmagn og forðast skal toggrófa ull og svartar doppur í hvítri ull.

Heilbrigði og ending

Leggja skal áherslu á að rækta endingargott og heilbriggt fé sem einnig er rólegt í umgengni. Útrýma ber áhættuafgerðum gagnvart riðuveiki. Einnig skal hugað að eiginleikum sem stuðlað geta að aukinni endingu ána og þar með auknum æviafurðum. Þar má nefna burðarhjál, júgurhreysti, og fótstöðu/styrkleika fóta. Gætt skal að því að ræktun á afurðamiklu fé leiði ekki til aukinnar stærðar á fullorðnum gripum.

Forystufé

Stefnt skal að framræktun og verndun forystufjár innan hins íslenska sauðfjárkyns. Tryggja þarf æternisskráningu forystufjár og stýra hrútanotkun þannig að skyldleikarækt aukist hægt.

Leiðir til að ná settum markmiðum

Traust og nákvæmt skýrsluhald sauðfjársænda verður áfram grunnur upplýsingaöflunar fyrir ræktunarstarfið í sauðfjárrækt.

Stefnt skal að því að kynbótamat byggt á upplýsingum skýrsluhaldsins verði reiknað fyrir sem flesta eiginleika.

Sæðingastarfsemin verður áfram mikilvægasti þátturinn í dreifingu erfðaefnisins innan stofnsins og þar skal leitast við að hafa úrval þess hrútastofns sem sæðingastöðvarnar hafa aðgang að hverju sinni. Hrútastofninn skal endurspegla mismunandi þarfir sauðfjársænda til að ná settum ræktunarmarkmiðum. Gæta þarf að innbyrðis skyldleika hrúta og hámarksnotkun hvers sæðingarstöðvarhrúts skal vera 5.000 sæddar ær.

Markmið dóma á lifandi lömbum samkvæmt dómsskala er að lýsa eiginleikum sem varða

kjöttgæði, ullargæði og heilbrigði. Hagnýting dóma fer fram í ásetningsvali og afkvæmarannsóknum.

Frjósemi

Stefnt skal að því að bjóða uppá arfhreina hrúta með frjósemiserfðavísa á sæðingastöð sem valkost til að auka frjósemi.

Mjólkurlagni

Huga þarf að endurbótum á útreikningi afurðastigs.

Ull

Endursetja þarf litalykla í skýrsluhaldi til samræmis við erfðir sauðalita.

Vaxtargeta

Leggja skal áherslu á bráðþroska á sumarhögum. Skilgreina þarf betur vöxt lamba af beit í úthaga eða haustbeit á ræktuðu landi. Stefnt skal að því að reikna vaxtarhraða lamba í grömmum á dag.

Kynbótaeinkunn

Setja skal saman til viðmiðunar kynbótaeinkunn sem endurspeglar ræktunaráherslur á hverjum tíma fyrir sig. Í þessari einkunn skulu hverju sinni vera þeir eiginleikar sem kynbótamat er reiknað fyrir. Í dag væru þeir því, gerð, fita, frjósemi og mjólkurlagni en til lengri tíma skal horft til eiginleika sem taka mið af vaxtargetu og eiginleikum sem stuðla að bættu heilbrigði og endingu.

Stefnt skal að því að í skýrsluhaldi sauðfjárræktarinnar sé verkfæri þar sem hægt verði að meta einstaka gripi út frá ræktunaráherslum hvers bús.

Jafnframt skal stefnt að því að reikna hagrænt vægi eiginleika sem unnið er með í ræktunarstarfi.

Samþykkt af fagráði í sauðfjárrækt 16. apríl 2012.

LÖGMENN SUÐURLANDI

ALMENN RÁÐGJÖF

FASTEIGNASALA

SLÝSA- OG BÓTAMÁL

Fyrir þína hagsmuni

Lögmenn Suðurlandi ehf.

Við höfum í rúm 20 ár veitt margvíslega lögfræðiljónustu og verið miðstöð fasteignaviðskipta á Suðurlandi. Reynsla okkar skilar sér í skjótri þjónustu sem sparar þér bæði tíma og peninga. Hvort sem þú stendur í fasteignaviðskiptum eða þarft lögfræðiljónustu þá áttu erindi til okkar.

Lögfræðiljónusta	• Einstaklingar • Fyrirtæki	• Sveitarfélög • Lögáðilar
Slysa- og skaðabætur	• Umferðarslys • Vinnuslys	• Skaði af öðru tagi
Fasteignaviðskipti	• Kaupendur • Seljendur	• Einstaklingar • Fyrirtæki

Við erum umboðsmenn þínir.

Sendu okkur tölvupóst á netfangið selfoss@log.is, hringdu í síma 480 2900 eða komdu við á skrifstofu okkar milli kl. 9:00–17:00.



Sauðfjársæðingar og beiðsli

Ær ganga á 16 til 17 daga fresti frá nóvember og fram eftir vetri. Frjósemi þeirra er mest framan af þessu tímabili þ.e.a.s. á hefðbundnum fengitíma í desember. Ærnar eru blæsma í u.þ.b. 2 sólarhringa (24 til 60 klst.) en egglosið verður 30-36 klst. eftir að beiðslið byrjar. Sæðið lifir í allt að 24 klst. í leghálsi og eggjaleiðurum áнна.

Úti í náttúrunni fylgir æxlunarathöfninni vellíðan og heiladingullinn framleiðir oxytocin hormón, sem m.a. veldur samdrætti í leginu. Verði kindin hrædd eða stressuð framleiða nýrnahetturarnar adrenalín sem kemur í veg fyrir oxytocinframleiðsluna og þar með eðlilegan flutning sæðisins úr leghálsi upp í eggjaleiðarana þar sem eggíð frjóvgast.

Af framangreindu er nokkuð augljóst að til þess að sæðingar gangi sem allra best þarf að tímasetja þær rétt miðað við egglos og ærnar þurfa að vera rólegar þegar þær eru sæddar. Norskar rannsóknir hafa sýnt að sæðingar með frystu sæði hafa borið bestan árangur ef sætt er 16 klst. eftir að leitað er að blæsma ám í hjörðinni. Þá má búast við því að flestar ærnar séu á heppilegum sæðingatíma. Athuganir hafa sýnt að hæsta fanghlutfallið eftir sæðingar er á stærstu fjárbúunum og á búum þar sem aðeins eru fáar ær. Það er líklegt að svo sé vegna þess að á þessum búum sé mest alúð lögð við féð. Á hreinu sauðfjárræktarbúunum eru engar kýr sem draga athyglina frá fénu og umgengnin um fjárhúsin er meiri en hún er á blönduðu búunum. Þar sem kindur eru mjög fáar er frístundabúskapur og kindurnar eru spök gæludýr. Að líkindum er minnsta stressið í sambandi við sæðingarnar á þessum búum.

Nokkur ráð til þess að ná góðum árangri

Til þess að ná sem hæstu fanghlutfalli í sauðfjársæðingum er mælt með eftirfarandi aðferð:

Daginn áður en á að sæða er farið í húsin fyrir hádegi og athugað hvaða ær eru blæsma. Þær ær sem þá eru að ganga verður of seint að sæða.

Seint kvöldið áður eða snemma daginn sem á að sæða eru teknar til þær ær sem á að sæða og þær settar sér í stíu nærri hrútunum. Það ættu að líða 6-20 klst. frá því að ærnar eru valdar þangað til þær eru sæddar. Þessi háttur er svo hafður á alla dagana sem sætt er.

Þegar kemur að sæðingunum er gott að vera búinn að gefa á garðann svo ærnar séu rólegar og fjárhirðirinn ætti að fara einn með sæðingamanninum í húsin. Hiti í húsunum ætti að vera rétt fyrir ofan frostmark. Sæðinguna ætti svo að framkvæma í góðu ljósi án þess að ærnar séu dregnar eða reknar til í húsinu. Forðist að neindir aðrir en sæðingamaðurinn og fjárhirðirinn séu að þvælast í fénu. Það hefur sýnt sig skila mjög bættum sæðingaárangri að hafa hrút í nálægð við ærnar þegar sætt er.

Samstillingar

Sumir velja þann kost að samstillta gangmál áнна sem á að sæða. Þannig geta menn sætt þær ær sem þeir vilja helst. Þeir þurfa ekki að láta sæða nema einn dag og burðurinn tekur styttri tíma.

Ókostir þess að samstillta ærnar eru að það kostar peninga og fanghlutfallið hefur verið heldur lakara en á ósamstilltum gangmálum.

Þegar ær eru samstilltar er það oftast gert þannig að sérstökum svampi sem inniheldur fósturlífsvaka er komið fyrir í skeið ærinnar. Hann er hafður í skeiðinni í 14 daga. Réttur sæðingatími er 55 (50-60) klst. eftir að svampurinn er fjarlægður úr skeið ærinnar. Sæðinguna ætti að framkvæma eins og áður var lýst.

Sæðing á öðru gangmáli frá samstillingu

Nokkrir bændur hafa reynt að nýta kosti samstillingarinnar og halda fanghlutfallinu uppi. Þá hafa þeir samstillt á venjulegan hátt en ekki sætt fyrr en á öðru gangmáli. Flestar ærnar beiða 19 dögum eftir að svamparnir eru teknir úr. Hluti þeirra beiðir eftir 18 daga, en mjög fáar eftir 17 eða 20 daga. Þessari aðferð er hins vegar ekki hægt að mæla með nema menn hafi aðgang að sæðingum 2 til 3 daga í röð.

Vinnulagsreglur

Sæðingar: Hiti yfir frostmarki, gott skipulag, róleghheit. Egglos verður 30-36 klst. eftir upphaf blæsmis.

Dæmi: Sæðing kl. 15. Leitað í fénu kl. 10 daginn áður og blæsma ær merktar eða skráðar.

Leitað um miðnætti eða fyrir kl. 8 dagana sem á að sæða og valdar ær til að sæða.

Samstilling: Svampur hafður í 14 daga. Sæðing 55 klst. eftir úrtöku.

Dæmi: Sæðing 15. desember kl. 15. Svampar settir í 29. nóvember. Svampar teknir úr 13. des. kl. 7.

Samstillt og sætt á öðru gangmáli: Svampur hafður í 14 daga. Sætt 18 og 19 dögum eftir úrtöku.

Dæmi: Sæðing 15. desember kl. 15. Svampar settir í 13. nóv. Svampar teknir úr 27. nóv.

Leitað 15. des. kl. 8. Sæðing 16. desember kl. 15. Leitað 16. des. kl. 8. 2/3 áнна að ganga.

Meðhöndlun sæðis

Ferskt sæði

Ferskt sæði er að öllu jöfnu sent frá sæðingastöðvunum við 10 °C og kemur það fram á brúsunum. Kæla þarf sæðið niður í 5 °C eftir kl. 13.00 og geyma það og flytja þannig þar eftir. Forðast skal allar hitasveiflur en þær geta drepit sæðisfrumurnar. Hiti undir frostmarki drepur sæðisfrumurnar!

Ferskt sæði skal helst nota innan við 12 tímum eftir sæðistöku en þó getur sæði sem geymt er við réttar aðstæður lifað í rúman sólarhring. Eftir því sem sæðið verður eldra minnka þó gæði þess.



Fryst sæði

Sæðiskúturinn inniheldur fljótandi köfnunarefni (-196 °C) sem endist í 5-7 vikur án þess að bætt sé á hann. Ef allt köfnunarefnið gufar upp eyðileggst sæðið. Það er mikilvægt að fylgjast með því að nóg köfnunarefni sé á kútnum. Það má gera með því að stinga hreinum járntein ofan í kútinn og hafa hann þar í eina mínútu. Hrímið á teininum sýnir hversu mikið köfnunarefni er í kútnum. Ekki mega vera minna en 5 cm af köfnunarefni í kútnum.

Þegar sæðisstrá er tekið úr kútnum er mikilvægt að lyfta ekki hylkinu með stránum upp úr kútnum heldur taka eitt strá úr hylkinu með þar til gerðri töng með hylkið ofan í hálsi kútsins. Hylkinu má ekki halda upp úr köfnunarefninu í meira en 5-10 sek. í einu. Þurfi meiri tíma til að finna viðkomandi strá látið hylkið þá aftur niður í um eina mínútu.

Tvær gerðir sæðisstráa, hvor með sína þíðingaraðferð

Sauðfjársæðingastöð Suðurlands hefur fryst hrútasæði í tveimur gerðum stráa. Annars vegar í svokölluðum „mini“-stráum, 0,25 ml, (grönn strá) og hins vegar í „medium“-stráum, 0,5 ml (sver strá). Frá árinu 2009 eru notuð „medium“-strá. Stráin eru þídd á sitt hvorn mátann eins og sjá má hér fyrir neðan:

	Gerð	Framl.ár	Rúmmál	Hitastig við þíð.	Þíðingar-tími
	Mediumstrá	2009-2010	0,5 ml	50°C	14 sek.
	Ministrá	→ 2008, 2011 →	0,25 ml	35°C	15 sek.

Athugið! Uppþídd strá skal nota strax.

Þíðing á sæðisstráum

- Stráinu þarf að koma eins fljótt og hægt er úr köfnunarefninu í vatnsbað með réttu hitastigi, sjá hér að ofan.
- Mæla þarf hitastig vatnsins reglubundið (helst fyrir hverja uppþíðingu). Nauðsynlegt er að hafa hitabréusa með sjóðandi eða mjög heitu vatni við hendina til þess að stilla hitastig vatnsins sem þítt er í. Í köldum fjárhúsum kólnar vatnið hratt.
- Þíðið aldrei nema eitt strá í einu.
- Mæla má tímann með því að telja 1001, 1002, 1003 o.s.frv. ef klukka með sekúnduvísi er ekki við hendina. Athugið að margir GSM símar eru með skeiðklukku.
- Þurrkið af stráinu með hreinum pappír eftir þýðingu. Vatn drepur sæðisfrumurnar.
- Þídd strá skal nota samstundis.
- Hitid sæðingatækið, t.d. innanklæða, í 20-25 °C eða með því að nudda það fast áður en stráið er sett í.
- Passið að sæðingatækið sé þurrt.
- Eftir að stráið hefur verið sett í sæðingatækið hafið það innanklæða þar til sætt er til þess að verja sæðið fyrir hitasveiflum.
- Gætið ítrasta hreinlætis og farið varlega í kringum fljótandi köfnunarefni.

Skráning og uppgjör sæðinga

Upplýsingar um árangur úr sæðingunum gefur mikilvægar upplýsingar um t.d. frjósemi, sæðisgæði, árangur eftir sæðingamönnum og stöðvum o.s.frv.

Það er því mikilvægt að sæðingar séu skráðar sem allra fyrst.

Hægt er að skrá eða senda þessar upplýsingar inn á tvo mismunandi vegu:

1. Skráning sæðingadagbóka

Að afloknum sæðingum eru viðeigandi blöð send til skráningar hjá búnaðarsamböndum á viðkomandi svæði.

2. Skráning í fjarvis.is

a. Skráið ykkur inn á www.fjarvis.is.

b. Veljið <Skrá sæðingu> í valröndinni vinstra megin.

c. Skráið kennitölu sæðingamanns, sæð.dags., hvort ærin/ærnar var/voru samstillt/ar eða ósamstillt/ar, tegund sæðis, hrút og svo þær ær sem voru sæddar þennan dag með áður völdum hrút. Þetta er svo endurtekið fyrir hvern sæðingadag, sæðingamann og hrút þar til allar sæðingar hafa verið skráðar.

**Við viljum gjarnan að sæðingar séu skráðar sem fyrst. Góð regla er að skrá þær jafnóðum!
Munið að skrá allar sæðingar, hvort sem ærnar halda eða ganga upp!**



Sauðfjárþændur

Framleiðum Kraftblöndu fyrir sauðfé.
Efnasamsetning er reglulega endurskoðuð af ráðunautum.
Magnesíumblokk, steinefnablöndur og saltsteinar í úrvali.

Bústólpi ehf. · Sími 460 3350 · www.bustolpi.is

Sæðispantanir



Sauðfjársæðingastöð Suðurlands

Í netfangið sveinn@bssl.is daginn fyrir sæðingu
eða í síma 482 1920 fyrir kl. 9 f.h. samdægurs.



Sauðfjársæðingastöð Vesturlands

Í netfangið bv@bondi.is
eða í síma 437 1215 fyrir kl. 14 síðasta virka dag fyrir sæðingu.

Pantið tímanlega!

Afkvæmarannsóknir vegna sæðingastöðvanna haustið 2012

Fyrir rúmum áratug var byrjað að velja hrúta inn á sæðingastöðvarnar á grunni afkvæmarannsókna þar sem úrvalshrútum á ákveðnu svæði var safnað saman og þeir notaðir innan sömu hjarðar. Óhætt er að segja að þeir hrútar sem komið hafa inn á stöðvarnar á grunni þessara afkvæmarannsókna hafa oft reynst betur en þeir sem teknir eru beint af búum, enda öryggi upplýsinga meira þegar ákvörðun um val þeirra er tekin. Í ár voru slíkar rannsóknir haldnar á fimm stöðum á landinu og verður hér gefið stutt yfirlit um niðurstöður þeirra þetta haustið.

Hyrndir hrútar

Í mörg ár hafa skipulagðar rannsóknir verið á veturgömlu hrútunum á fjárræktarbúinu á Hesti. Átján veturgamlir hrútar voru í samanburði í ár og til stóð að fala tvo þeirra á stöð. Annar þeirra Skeflir 11-661 hafði þá nýlega misfarist í skurði en hinn Drífandi 11-644 (11-895) verður til húsa í Borgarnesi í vetur. Einn hrútur var þó að koma sýnu best út, Skænis 11-660, en er fótagallaður og fékk ekki heilbrigðisskoðun af þeim sökum.

Í Ytri-Skógum voru eins og áður veturgömlu hrútarnir í afkvæmarannsókn. Þar voru nokkrir hrútar að koma vel út og var Prúður 11-428 (11-896) falaður til notkunar á sæðingastöð að rannsókn lokinni.

Á Hjarðarfelli voru hyrndu heimahrútar í samanburði auk eins aðkomuhrúts. Klaki 11-772 sýndi mjög góða niðurstöðu og ákveðið var að taka hann á sæðingastöð. Hann lenti svo í slysi seinni part september og hefði ekki staðist heilbrigðisskoðun sökum þess. Afkomendum hans verður þó gefið auga á Hjarðarfelli á komandi árum.

Í Norður-Pingeyjarsýslu var sett upp rannsókn á bæjunum Hagalandi og Svalbarði í Þistilfirði. Þangað komu sex aðkomuhrútar auk þess að heimahrútar á hvorum bæ voru í samanburði. Einn hrútur Birkir 10-151 (10-893) þótti sýna það skýra yfirburði að hann var að rannsókn lokinni falaður á sæðingastöð.

Kollóttir hrútar

Líkt og undanfarin ár var aðeins ein rannsókn með kollóttu hrúta og hún var að þessu sinni á Heydalsárbæjunum hjá þeim Ragnari Bragasyni og Guðjóni Sigurgeirssyni. Á báðum búum voru fjórir aðkomuhrútar auk heimahrúta í samanburði. Að rannsókn lokinni voru þrjú hrútar teknir á sæðingastöð, þeir Strengur 09-049 (09-891) frá Árbæ, Dollu 09-123 (09-892) frá Ragnari á Heydalsá og Kroppur 10-621 (10-890) frá Bæ í Árneshreppi. Jafnframt var mjög kostamikill hópur lamba undan Staf 10-645 frá Steinstúni í Árneshreppi að skila gríðarlega mikilli gerð í afkvæmi sín. Rétt þótti að láta Staf bíða meðan betri reynsla fengist á dætur hans þar sem kynbótamat fyrir frjósemi er undir 100. Hann kemur til greina hækki það á næsta ári.

Allar tölulegar niðurstöður úr þessum rannsóknum má finna á vef Bændasamtaka Íslands (www.bondi.is), þar sem niðurstöður rannsókna fyrri ára eru einnig aðgengilegar.

Sauðfjármerki

Íslensk framleiðsla

Prentað er á merkin hjá Plastiðjuni Bjargi-Iðjulundi, Akureyri

Merki í ásetningsfé



Combi 2000 Mini
Merkin frá OS-ID
hafa reynst afar vel
undanfarin ár.



CombiE 23 örmerki
til notkunar í ásetningsfé.
Merkin eru viðurkennd af
MAST.

Vinsamlega pantið merki í ásetningsfé á www.bufe.is (MARK), hjá Plastiðjuni Bjargi-Iðjulundi, Bændasamtökum Íslands eða búnaðarsamböndum/leiðbeiningamiðstöðvum.

Lambamerki



Micro merki

Lambamerki úr mjúku plasti.
Lágmarkspöntun 10 merki.

Veittur er 10% afsláttur ef pantað er fyrir 15. febrúar og 5% aukaafsláttur ef pöntuð eru 1.000 merki eða fleiri. Hægt er að panta merkin prentuð í númeraröð eða eftir þeim óskum sem menn vilja þ.e. þau þurfa ekki að vera í númeraröð.



Combi Nano lambamerki.

Örmerkjahluti merkis er endurnýtanlegur.

Seljum tangir, nálar í þær og merkipenna.

Vinsamlega sendið pantanir á lambamerkjum til:
pbi@akureyri.is eða í fax: 461 2995.



Furuvöllum 1 - 600 Akureyri
Sími 461 4606 - pbi@akureyri.is - <http://plastidjan.hlutverk.is>



Í 100 ÁR HEFUR MIKILVÆGASTI HLUTI FRAMLEIÐSLU SS FARIÐ FRAM UNDIR BERUM HIMNI

Uppistaðan í hráefninu sem SS notar í matvælaframleiðslu sína er upprunnin í hreinni náttúru Íslands. Frá stofnun fyrirtækisins 28. janúar árið 1907 hefur það verið í fararbroddi á sviði matvælaframleiðslu.

SS er félag í eigu bænda og þakkar öllum framleiðendum fyrir göfugt ræktunarstarf á liðnum árum.

